Starfsáætlun
2025-2026

VATNSENDASKÓLI

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Efnisyfirlit

Inngangur **6**

Um skólann **6**

Hagnýtar upplýsingar **7**

Skrifstofuþjónusta 8

Húsnæði skólans 8

Upplýsingamiðlun til foreldra 8

Mentor 8

Nesti 9

Myndataka 9

Námsgögn 9

Óskilamunir 9

Forföll nemenda 9

Forföll kennara 10

Leyfi frá skóla 10

Stjórnskipulag **11**

Starfsfólk Vatnsendaskóla 11

Skóladagatal og skýringar á útfærslu skólans **14**

Kennsla **15**

Tilhögun kennslu 15

Teymiskennsla í 1. – 10. árgangi 15

Markmið Vatnsendaskóla í teymiskennslu 16

Stuðningur við nemendur í skóla án aðgreiningar 16

Íslenska sem annað tungumál í Vatnsendaskóla 16

Frímínútur 18

Námsmat í Vatnsendaskóla 18

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Heimanámsstefna skólans....18
Kennsluáætlanir....18
Nemendur....19
Fjöldi nemenda í árgangi og nöfn umsjónarkennara....19
Starfsáætlun nemenda....21
Skóladagur nemenda....22
Viðmiðunarstundatafla....25
Helstu viðburðir skólaársins....25
Nemenda- og foreldraviðtöl....26
Skólabúðir....26
Vettvangsferðir....26
Útiskóli....27
Samstarf við leikskóla....27
Valgreinar á elsta stigi....28
Skólabragur og skólareglur....29
Skólareglur Vatnsendaskóla....29
Notkunarreglur spjaldtölva....32
Uppeldi til ábyrgðar....34
Spjaldakerfi – Jákvæð hegðun....36
Leikir í útivist....37
Verkfærakistan....38
Nefndir og ráð skólans....39
Skólaráð....39
Réttinda- og nemendaráð Vatnsendaskóla og Dimmu....40
Ungmennaráð....41
Foreldrasamstarf....43

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Samstarf heimila og skóla 43
Samstarf við foreldra með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 43
Tölvupóstur og símtöl 43
Foreldrafélag Vatnsendaskóla 44
Bekkjarfulltrúar 45
Foreldrarölt 45
Bekkjarskemmtanir 45
Námsvefur Vatnsendaskóla 46
Mat á skólastarfi 47
Innra mat 47
Líðankönnun 47
Tengslakönnun 47
Skólapúlsinn 47
Umbótaáætlun 2025 - 2026 49
Stoðþjónusta 53
Nemendaverndarráð 54
Umsókn um stoðþjónustu 54
Stuðningsfulltrúar 54
Þroskaþjálfar 54
Skólahjúkrun 55
Sálfræðiþjónusta 55
Náms- og starfsráðgjöf 56
Talmeinafræðingur 56
Önnur sérfræðiþjónusta frá Menntasviði Kópavogs 56
Farsæld barna 56
Tómstundastarf 58

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Félagsmiðstöðin Dimma 58
Viðburðir Félagsmiðstöðva Kópavogs 2025– 2026 58
Stjörnuheimar og klúbbastarf 59
Skák 60
Tónlistarskólar 60
Skólakór Vatnsendaskóla 60
Símenntunaráætlun 61
Áætlanir 64
Viðbragðsáætlun Vatnsendaskóla vegna inflúensufaraldurs 64
Viðbrögð við vá 65
Jafnréttisáætlun Vatnsendaskóla 65
Eineltisáætlun 68
Áfallaáætlun 69
Skólaakstur og skólamáltíðir 71
Skólaakstur 71
Mötuneyti – Skólamáltíðir 71
Erasmus+ verkefni 72

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Inngangur

Samkvæmt 29. gr. grunnskólalaga ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri og aðrir stjórnendur er ábyrgir fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Starfsáætlun Vatnsendaskóla er upplýsingarit um starfsemi skólans. Hún er hluti af skólanámskrá skólans. Í starfsáætluninni koma fram helstu viðburðir, áherslur og markmið í skólastarfinu í vetur. Í henni koma einnig fram þær venjur, siðir og reglur sem ríkja í skólanum. Starfsáætlunin er birt á pdf-formi á heimasíðu skólans.

Um skólann

Vatnsendaskóli tók til starfa haustið 2005 og var Guðrún Soffía Jónasdóttir skólastjóri. Fyrsta veturinn var ein kennsluálma tilbúin til notkunar og voru 122 nemendur í skólanum í 1. til 6. bekk. Önnur kennsluálma og verkgreinahús bættist við haustið 2006 og unglingaálman var tekin í notkun á þriggja ára afmæli skólans haustið 2008. Á sama tíma var skrifstofuhúsnæði, bókasafn og mötuneyti opnað. Síðasta byggingaáfanganum lauk með vígslu samkomusalar 26. janúar 2012. Haustið 2013 var svo tveimur lausum kennslustofum, Holti og Mýri, bætt á skólalóðina. Vorið 2016 hófust framkvæmdir við íþróttahús en í þeirri byggingu eru einnig fjórar kennslustofur sem voru teknar í notkun haustið 2017. Íþróttahúsið var vígt 11. maí 2018.

Vatnsendaskóli stendur við Elliðavatn í fallegu umhverfi. Góðar forsendur eru fyrir hendi að tengja skólastarfið við umhverfið með virkum hætti. Göngustígur liggur frá skólanum niður að vatninu og tengist stígakerfi sem opnar leið að fjölbreyttum náttúru- og útivistarsvæðum. Tvær sérhannaðar náttúrufræði- og raungreinastofur eru í skólanum.

Skólaárið 2025-2026 eru 530 nemendur Í Vatnsendaskóla og 90 starfsmenn, ýmist í hluta- eða fullu starfi. Fjölbreyttir kennsluhættir og einstaklingsmiðað nám eru leiðarljós skólans og eru gildi hans vinátta, virðing, samvinna og skapandi starf.

Skólastjóri Vatnsendaskóla er María Jónsdóttir og tók hún við starfinu vorið 2020.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Hagnýtar upplýsingar

Vatnsendaskóli, Funahvarfi 2, 203 Kópavogur

Símanúmer skólans: 441 4000

Símanúmer Stjörnuheima (frístund): 621 4170

Skólastjóri: María Jónsdóttir

Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri 8.-10.árgangs : Ingunn Huld Kristófersdóttir

Deildarstjóri 1.-7. árgangs: Lovísa Hannesdóttir

Deildarstjóri upplýsingatækni: Sigríður Pálmarsdóttir

Deildarstjóri stoðþjónustu: Aníta Björk Helgadóttir

Forstöðumaður Stjörnuheima: Ari Magnús Þorgeirsson

Forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Dimmu: Sunna Rut Garðarsdóttir

Húsvörður: Hafsteinn Haraldsson

Heimasíða Vatnsendaskóla hefur vefslóðina www.vatnsendaskoli.is. Þar má finna ýmsar upplýsingar um skólastarfið, tilkynningar frá skólanum, skóladagatal, fréttir, ýmsar áætlanir, eyðublöð, myndir úr skólastarfi birtast á Mentor.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Skrifstofuþjónusta

Skrifstofa skólans er opin frá klukkan 07:45– 15:45 mánudaga til fimmtudaga og föstudaga frá klukkan 07:45 – 14:30. Skrifstofustjóri skólans er Sigríður Gunnarsdóttir .

Öll eyðublöð skólans má nálgast hjá ritara og almenn eyðublöð má einnig nálgast á heimasíðu skólans. Nýskráning nemenda fer í gegnum þjónustugátt Kópavogsbæjar. Hægt er að skrá forföll í gegnum Mentor, annars vegar veikindi sem skráist sem heill dagur og hins vegar leyfi fyrir stakar kennslustundir.

Húsnæði skólans

Húsnæði Vatnsendaskóla stendur við Funahvarf 2 í Kópavogi og samanstendur af fjórum álmum, tveimur lausum kennslustofum og Íþróttahúsi sem er samnýtt með Gerplu. Hver árgangur hefur a.m.k þrjár kennslustofur til afnota ásamt verk- og listgreinastofum. Sundkennsla fer fram í Versölum (Salalaug) og Boðaþingi (Hrafnistu).

Upplýsingamiðlun til foreldra

Á heimasíðu skólans og námsvef Vatnsendaskóla, er miðlað því helsta sem er á döfinni hverju sinni og þar er einnig að finna upplýsingar um skipulag skólaársins. Vatnsendaskóli er með fésbókarsíðu sem einnig er nýtt til upplýsingagjafar. Kennarar setja vikulega vikupósta á Mentor þar sem fram kemur hvað gert hefur verið í skólanum s.l. viku og hvað er á döfinni þá næstu. Stjórnendur senda fréttabréf nokkrum sinnum yfir árið til foreldra með upplýsingum er varðar skólastarfið.

Mentor

Allar upplýsingar um hæfnikort, námsmat, heimanám o.fl. eru birtar á Mentor þar sem þær eru uppfærðar reglulega af umsjónarkennara og öðrum kennurum sem kenna nemandanum. Umsjónarkennari sendir foreldrum vikulega helstu upplýsingar um skólastarfið og það sem framundan í gegnum Mentor. Notast er við dagbókarfærslur í Mentor sem atvikaskráningu vegna einstakra mála, sjá nánar í kafla um skólareglur. Frekari upplýsingar um einstaka mál nemenda eru veittar eftir þörfum á fundum, með tölvupósti eða í gegnum síma. Veikindi, forföll og leyfi eru tilkynnt í gegnum Mentor.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Nesti

Vatnsendaskóli leggur áherslu á að nemendur komi með hollt og gott nesti og leggur áherslu á fjölnota umbúðir. Þeir nemendur sem kjósa að koma með einnota umbúðir taka þær með sér heim að loknum skóladegi til förgunar. Nemendur sem koma með nesti að heiman í hádegismat geta nýtt sér örbylgjuofna og samlokugrill í matsal.

Vatnsendaskóli er hnetulaus skóli.

Myndataka

Árlega er myndataka í 1., 4., 7. og 10. árgöngum. Þá er tekin árgangamynd og einstaklingsmynd fyrir Mentor. Foreldrum/forráðamönnum gefst tækifæri til að kaupa árganga- og einstaklingsmyndir í gegnum ljósmyndara hverju sinni. Myndtaka fyrir skólaárið 2025-2026 er í október 2025.

Námsgögn

Vatnsendaskóli fær árleg úthlutað ákveðnum kvóta til kaupa á námsbókum og öðru efni sem ætlað er til náms og kennslu. Skólabækur eru flestar lánsbækur sem er skilað við lok skólaárs að undanskildum verkefnabókum sem nemendur vinna í. Ritföng, stílabækur, blöð og annað efni sem þarf til vinnu í skólanum sér skólinn um. Nemendur fá ákveðið magn af ritföngum sem á að duga út skólaárið. Ef ritföng duga ekki út skólaárið ber foreldum að útvega börnum sínum ritföng.

Nemendur í 1.-4. árgangi fá spjaldtölvur til afnota í skólanum en nemendur í 5.-10. árgöngum fá til afnota spjaldtölvur til notkunar í skóla og heima ef svo ber undir. Hægt að nálgast allar upplýsingar um spjaldtölvurnar á slóðinni: http://spjaldtolvur.kopavogur.is/

Óskilamunir

Húsvörður og skólaliðar halda óskilamunum til haga. Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að merkja allan fatnað og muni sem nota á í skólanum. Óskilamunir sem ekki eru sóttir fyrir 15. júní ár hvert eru gefnir hjálparstofnunum.

Forföll nemenda

Forráðamenn tilkynna forföll nemenda fyrir upphaf hvers skóladags. Við hvetjum foreldra til að tilkynna forföll í gegnum Mentor ef það gengur ekki er hægt að hafa samband við ritara skólans í síma 441 4000.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Forföll kennara

Þegar kennarar veikjast er reynt eftir mætti að fá forfallakennara. Takist það ekki getur komið upp sú staða að fella verði niður kennslu og nemendur sendir heim.

Leyfi frá skóla


Ef nemandi þarf að fá leyfi skal sækja um það í gegnum Þjónustugátt Kópavogs hér. Leiðbeiningar varðandi leyfis skráningu í Þjónustugáttinni má nálgast hér.

Athygli er vakin á ábyrgð foreldra og forráðamann þegar nemendur fá leyfi frá skóla.

Í 15. grein laga um grunnskóla nr. 91 frá 2008 segir: *"Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Öll röskun á námi nemandans, sem hlýst af umbeðnu leyfi, er á ábyrgð foreldra eða forráðamanns og skulu þau sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Stjórnskipulag



Skólastjóri ber ábyrgð á öllu skólastarfi í Vatnsendaskóla samkvæmt grunnskólalögum. Næsti yfirmaður skólastjóra er sviðsstjóri menntasviðs Kópavogs. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra. Undir stoðþjónustu skólans falla sérkennarar, þroskaþjálfar, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, sálfræðingur og talmeinafræðingur.

Starfsfólk Vatnsendaskóla

Við Vatnsendaskóla starfa um 90 starfsmenn ýmist í hluta- eða fullu starfi. Þeir eru stjórnendur: skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri 8.-10. árgangs, deildarstjóri 1.-7. árgangs, deildarstjóri stoðþjónustu og deildarstjóri upplýsingatækni, kennarar, sérkennarar, leiðbeinendur, þroskaþjálfar, stuðningsfulltrúar, námsráðgjafi, sálfræðingur, hjúkrunarfræðingur, ritari, húsvörður, frístundaleiðbeinendur og skólaliðar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Listi yfir starfsfólk Vatnsendaskóla

Nafn	Starfsheiti
Agnes Björk Helgadóttir	Umsjónarkennari
Alfreð Gústaf Maríusson	Matráður
Aníta Björk Helgadóttir	Deildarstjóri stoðþjónustu
Anna Reynarsdóttir	Umsjónarkennari
Anna Styczynska	Skólaliði
Ari Magnús Þorgeirsson	Forstöðumaður Stjörnuheima
Arna Rós Sigurjónsdóttir	Umsjónarkennari
Atli Þór Jónasson	Starfsmaður í skóla með stuðning
Ágúst Geir Torfason	Frístundarleiðbeinandi
Álfrún Ýr Björnsdóttir	Umsjónarkennari
Árni Brynjólfsson	Íþróttakennari
Árný Sigríður Sveinsdóttir	Sérkennari
Ásta I.Sævarsdóttir	Umsjónarkennari
Ásthildur Ólöf Ríkarðsdóttir	Hjúkrunarfræðingur
Bergrós Lilja Unudóttir	Umsjónarkennari - fæðingarorlof
Birna Aldís Fernández	Íþróttakennari
Birna Guðmundsdóttir	Forfallkennari
Dina Kolica	Starfsmaður í skóla með stuðning
Dovilé Petkuté	Skólaliði
Eiður Atli Rúnarsson	Starfsmaður í skóla með stuðning
Einar Eysteinsson	Bókasafn
Elina Vecvagare	Skólaliði
Elsa Rut Óðinsdóttir	Umsjónarkennari
Emelía Margrét Pétursdóttir	Starfsmaður í skóla með stuðning
Erna Þráinsdóttir	Talmeinafræðingur
Esther Marie Stafford	Skólaliði
Eva Björg Guðlaugsdóttir	Leiðbeinandi með umsjón
Guðleif Margrét Þórðardóttir	Stuðningsfulltrúi
Guðrún Linda Valbjörnsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Guðrún Svava Þrastardóttir	Námsráðgjafi
Guðrún Vala Ólafsdóttir	Deildarstjóri upplýsingatækni - námsleyfi
Hafsteinn Gunnar Haraldsson	Húsvörður
Hanan Salim Wahba	Stuðningsfulltrúi
Helgi Snær Agnarsson	Leiðbeinandi með umsjón
Hildur Guðbrandsdóttir	Umsjónarkennari
Hildur Lovísa Hlynsdóttir	Umsjónarkennari - fæðingarorlof
Hjördís Gígja Hreinsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Hrefna Lára Sighvatsdóttir	Grunnskólakennari
Hulda Kristín Haraldsdóttir	Umsjónarkennari
Ingunn Huld Kristófersdóttir	Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri 8.-10. árgangs
Ína Kristín Bjarnadóttir	Frístundaleiðbeinandi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Íris Elíasdóttir	Umsjónarkennari
Jóhanna Bryndís Þórisdóttir	Umsjónarkennari
Jóhanna Rakel Sveinbjörnsdóttir	Deildarstjóri
Jónína Kristín Einarsdóttir	Leiðbeinandi
Jónína Wilkins	Leiðbeinandi
Kjartan Ólafsson	Íþróttakennari
Klara Sigurmundadóttir	Leiðsagnarkennari og sérkennari
Kristín Helga Einarsdóttir	Umsjónarkennari
Kristín Pétursdóttir	Umsjónarkennari
Kristþóra Gísladóttir	Leiðbeinandi með umsjón
Laura Carolina Acosta Gomez	Atferlisfræðingur
Lenka Ptacníkova	Stundarkennari - Skák
Liudmyla Mushak	Skólaliði
Lovísa Hannesdóttir	Deildarstjóri 1.-7. árgangs
Margrét Jóna Jónsdóttir	Þroskaþjálfi
Margrét Lilja Árnadóttir	Frístundarleiðbeinandi
María Ásmundsdóttir	Sérkennari
María Jónsdóttir	Skólastjóri
María Katrín Auðardóttir	Leiðbeinandi með umsjón
Ólafur Ástþór Ásgeirsson	Leiðbeinandi
Ragnheiður Jóna L. Aðalsteinsdóttir	Sérkennari
Rakel Fjeldsted Jóhannesdóttir	Umsjónarkennari
Sara Sædal Andrésdóttir	Sérkennari
Sesselja Konráðsdóttir	Grunnskólakennari
Sigríður Elsa Vilmundardóttir	Umsjónarkennari
Sigríður Gunnarsdóttir	Skrifstofustjóri
Sigríður Hjartardóttir	Grunnskólakennari
Sigríður Pálmarsdóttir	Umsjónarkennari
Sigríður Sturludóttir	Umsjónarkennari
Sigurborg Birgisdóttir	Sérkennari
Sigurborg Sif Sighvatsdóttir	Umsjónarkennari
Sigurveig Hermannsdóttir	Umsjónarkennari
Sigurvin Örn Magnússon	Forfallakennari
Snizhana Prozhoha	Skólaliði
Snjezana Pjevic	Stuðningsfulltrúi
Sólborg Ýr Sigurðardóttir	Umsjónarkennari
Sóley Ásta Karlsdóttir	Umsjónarkennari
Sóley Kristmundsdóttir	Grunnskólakennari
Sólveig Lára Kjærnested	Umsjónarkennari
Steinunn Dúa Jónsdóttir	Grunnskólakennari
Sunna Rut Garðarsdóttir	Forstöðukona Dimmu
Svandís Halldórsdóttir	Umsjónarkennari
Theódór Aldar Tómasson	Umsjónarkennari
Tinna Björk Baldvinsdóttir	Skólasálfræðingur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Valdís Birta Arnarsdóttir	Hjúkrunarfræðingur
Víkingur Angantýsson	Aðstoðarforstöðumaður Dimmu
Vladislava Karpova	Aðstoðar matráður
Þórhalla Gunnarsdóttir	Sérkennari

Skóladagatal og skýringar á útfærslu skólans

Samkvæmt skóladagatali, sem finna má á heimasíðu skólans, eru skóladagar nemenda 180 þar af eru 9 skertir skóladagar. Skertir dagar eru þegar nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Þeir dagar eru skólasetningardagur (25.08), vetrahátíð (24.10), jólasveinaleikar (18.12), jólaskemmtun (19.12),nemenda- og foreldraviðtöl (04.02), öskudagur (18.03), tveir útivistardagar (08.06 og 09.06) og skólaslit (10.06). Kennsla fellur niður í jólaleyfi nemenda sem er frá 22. desember til og með 2. janúar. Vetrarleyfi er 27. og 28. október og 19. og 20. febrúar. Páskaleyfi er 30. mars til 6. apríl. Fimm skipulagsdagar eru á skólatíma nemenda en þeir eru 10. október, 12. nóvember (frístund lokuð), 5. janúar, 10. mars (frístund lokuð) og 15. maí. Fyrri foreldraviðtöl fyrir 1.-10. bekk hefjast 13. -23.október og geta foreldrar bókað tíma hjá kennurum. Seinna viðtal verður á foreldraviðtalsdegi þann 4. febrúar. Samþykkt skóladagatal fylgir hér með.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Kennsla

Tilhögun kennslu

Í Vatnsendaskóla er lögð rík áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám. Sjá heimasíðu og námsvef Vatnsendaskóla.

Áhersla er lögð á umhverfis-, rannsóknar- og vettvangsnám. Gildi skólanámskrár byggjast á virðingu, vináttu, samvinnu og skapandi skólastarfi. Sérstök áhersla er lögð á náttúrufræði og raungreinar og útikennsla er ríkur þáttur í skólastarfinu þar sem skólinn er staðsettur í fallegu umhverfi við Elliðavatn.

Teymiskennsla í 1. – 10. árgangi

Í Vatnsendaskóla er litið á hvern árgang sem eina heild. Í 1.- 10. árgangi eru tveir til þrír umsjónarkennarar sem fara með sameiginlega umsjón. Kennarar árgangsins bera sameiginlega ábyrgð á nemendum og vinna saman að því að skipuleggja nám nemenda. Þetta fyrirkomulag stuðlar að sveigjanleika og býður upp á möguleika að breyta hópum í samræmi við viðfangsefni og aukna teymiskennslu þar sem það á við. Þannig nýtist styrkur og hæfni starfsfólks nemendum. Nemendum árganga er skipt í mismunandi hópa og lögð er áhersla á að nemendur í sama árgangi kynnist vel og fái tækifæri til að vinna saman. Markmiðið með þessu fyrirkomulagi er að efla félagsþroska og félagsfærni nemenda, auka samkennd og þjálfa nemendur í að vinna með ólíkum einstaklingum að fjölbreyttum verkefnum. Þannig læra nemendur að taka tillit til þarfa hvers annars og verða hæfari til að lifa og starfa í lýðræðisþjóðfélagi. Ýmsar leiðir eru færar til að þjálfa nemendur í þessum þáttum en farsælast teljum við að starfið í skólanum bjóði upp á það mikla samvinnu nemenda að þeir þjálfist í þessum þætti í gegnum raunveruleg viðfangsefni. Sameiginleg ábyrgð á námi og líðan nemenda er grunnurinn í stefnu skólans. Kennsluáætlanir birtast á námsvef skólans sem er á heimsíðu Vatnsendaskóla og eru aðgengilegar foreldrum. Kennarar birta kennsluáætlun a.m.k. 4 - 6 vikur fram í tímann.

Í foreldraviðtölum í október og febrúar bóka foreldrar viðtöl í gegnum Mentor og geta valið hjá hvaða umsjónarkennara þeir fara í viðtal. Hver kennari tekur um það bil 1/3 nemenda í viðtal (fer eftir fjölda umsjónarkennara).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Hver árgangur hefur tvö til þrjú kennslusvæði. Árganginum er skipt í hópa eftir markmiðum og viðfangsefnum hverju sinni. Umsjónarkennarar gæta að því að hafa skiptingar skýrar og aðgengilegar fyrir nemendur svo þeir upplifi öryggi

Markmið Vatnsendaskóla í teymiskennslu

- Að skapa heildstæða kennslu fyrir nemendur og litið sé á árganginn sem einn bekk, í stað stakra bekkjardeilda.
- Að efla fjölbreytni í kennsluháttum.
- Að bæta samvinnu og samskipti nemenda.
- Að nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir sem leið til einstaklingsmiðaðs náms.
- Að auka við hlutbundna vinnu nemenda og að vinna nemenda sé stýrð af markmiðum aðalnámskrá frekar en að námsbækur stýri vinnu nemenda.
- Að bæta og auka samstarf starfsfólks með aukinni faglegri samvinnu.

Stuðningur við nemendur í skóla án aðgreiningar

Í stoðþjónustu Vatnsendaskóla er leitast við að finna leiðir til að mæta nemendum í skóla án aðgreiningar á sem bestan hátt og gera námið sem skilvirkast. Þrjú námsver eru starfrækt í skólanum, eitt fyrir hvert stig. Í þeim starfa sérkennarar, þroskaþjálfar, atferlisfræðingur og stuðningsfulltrúar.

Helstu markmið stoðþjónustu eru:

- að styrkja sjálfsmynd nemenda
- að nemendur fái kennslu við hæfi
- að styrkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum
- að treysta samskipti við foreldra sem best

Lesa má nánar um stoðþjónustu skólans og þann stuðning sem skólinn veitir nemendum í skóla án aðgreiningar í kafla 10 og á námsvef skólans.

Íslenska sem annað tungumál í Vatnsendaskóla

Í Vatnsendaskóla stunda nemendur með annað móðurmál en íslensku einnig nám. Þeir nemendur fá kennslu í íslensku sem annað tungumál. Nemendahópurinn er fjölbreyttur og vegna ólíks bakgrunns þeirra og reynslu er mjög mikilvægt að koma til móts við þá á

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

einstaklingsmiðaðan hátt með fjölbreyttum leiðum. Nemendur þurfa markvissa kennslu og stuðning.

Við upphaf skólagöngu er námsleg staða nemandans könnuð á hans sterkasta tungumáli með Stöðumati, þ.e.a.s. ef hann er nýfluttur til landsins. Annars er lagt fyrir Milli mála próf, en það er gert þegar nemandinn hefur dvalið lengur á landinu.

Markmið kennslunnar er að nemendur læri íslensku þannig að þeir geti stundað nám í íslensku skólakerfi með jafnöldrum og tekið virkan þátt í samfélaginu.

Gert er ráð fyrir að nemendur fylgi hæfniviðmiðum í íslensku sem öðru tungumáli í 2-4 ár. En hæfnistigin eru fjögur; forstig, 1. stig, 2. stig og 3. stig. Þegar nemendur hefja nám í íslensku sem öðru tungumáli byrja þeir yfirleitt á 1. stigi. Eftir það fylgja nemendur aðalnámskrá í íslensku eins og jafnaldrar þeirra.

Áhersla er lögð á að allir kennarar skólans séu íslenskukennarar og allir starfmenn sem koma að námi eða kennslu þeirra beri sameiginlega ábyrgð ásamt stjórnendum.

Kennsluhættir og námsmat er fjölbreytt og tekur mið af öllum hæfnisviðmiðum: Skilningi (hlustun og lestri) og tjáningu (talmáli og ritun).

Sprettur á elsta stigi

Í aðalnámskrá grunnskóla (2011) kemur fram að í samfélaginu eru verkefni yfirleitt ekki sundurgreind og einangruð heldur samofin mörgum þáttum. Þetta er mikilvægt að hafa í huga við skipulag skólastarfs. Því ætti að vera áhersla á samþættingu námsgreina þar sem horft er til verkefna sem hafa snertifleti við margar námsgreinar. Þannig má nálgast það markmið að gera námið merkingarbærara fyrir nemendur, skýra fyrir þeim samhengi fræðigreina og nauðsyn þess að hafa innsýn í heim þeirra.

Sprettur er hugtak sem nær yfir samþættingu námsgreina; samfélagsfræði, náttúrufræði og upplýsingatækni. Sprettur byggir á því að auka vitund nemenda á eigin námi og gera þá enn meðvitaðri um þróun þess. Með breyttum áherslum er leitast við að gera markmið námsins skýrari og að nemendur séu meðvitaðri um hvað sé framundan og hvers sé ætlast til af þeim í fyrirliggjandi vinnu. Nemendur vinna í lotum þar sem áhersla er á einstaklings- og hópamiðaða vinnu. Það fyrirkomulag býður upp á aukin tækifæri fyrir nemendur á að nýta eigin styrkleika, sér og öðrum til framdráttar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Frímínútur

Ætlast er til að allir nemendur 1. - 7. árganga fari út í allar frímínútur. Undantekningar eru eftirfarandi:

- Nemandi hefur verið lasinn og foreldri óskar skriflega eftir leyfi til inniveru í frímínútum.
- Kennari hefur leyfi til að láta nemanda vera inni ef sérstakar ástæður krefjast, s.s. vegna skyndilegra veikinda eða slyss, áreitni eða verkefnaskyldu, en þá á ábyrgð kennara og í samvinnu við skólaliða.
- Mjög vont veður.
- Ef nemandi er inni í útivist bíður hann á skrifstofu skólans.

Námsmat í Vatnsendaskóla

Á heimasíðu Vatnsendaskóla má finna námsmatsstefnu skólans.

Námsmatsstefna Vatnsendaskóla

Heimanámsstefna skólans

Vatnsendaskóli leggur áherslu á mikilvægi heimanáms sem í upphafi skólagöngu felst aðallega í aukinni þjálfun í lestri. Sjá nánar lestrastefnu Vatnsendaskóla.

Hvert árgangateymi eða greinakennarar sjá um skipulag á yfirferð námsefnisins og ákveður það efni sem vinna skal heima. Alltaf er tekið tillit til þeirra einstaklinga sem eru hægir í vinnubrögðum og heimanámið aðlagað þeim sérstaklega í samráði við foreldra. Á elsta- og miðstigi birtist heimanám á Mentor. Á yngsta,- og miðstigi kemur heimanám fram í vikupósti kennarateymis.

Foreldrum er bent á að hafa samband við viðkomandi kennarateymi ef þeir telja heimanám of mikið eða of lítið hjá sínu barni.

Kennsluáætlanir

Á námsvef skólans er hægt að nálgast kennsluáætlanir í öllum greinum sem kenndar eru við skólann. Í kennsluáætlunum kemur fram námsaðlögun fyrir allar nemendur. Námsvefur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Nemendur

Skólaárið 2025-2026 eru um 530 nemendur af öllum kynjum í Vatnsendaskóla. Umsjónarkennarar bera sameiginlega ábyrgð á nemendum árganga.

Fjöldi nemenda í árgangi og nöfn umsjónarkennara

Bekkur	Alls	Umsjónarkennari
1. Blálilja	42	Ásta Sævarsdóttir Hildur Guðbrandsdóttir
2. Blástjarna	47	Sigurveig Hermannsdóttir Kristþóra Gísladóttir
3. Blágresi	47	María Katrín Auðardóttir Helgi Snær Agnarsson
4. Bláklukka	55	Elsa Rut Óðinsdóttir Íris Elíasdóttir Svandís Halldórsdóttir
5. Engjarós	51	Sólborg Ýr Sigurðardóttir Eva Björg Guðlaugsdóttir Sigríður Sturludóttir
6. Glitrós	41	Hulda Kristín Haraldsdóttir Sigurborg Sif Sighvatsdóttir
7. Eyrarrós	56	Jóhanna Bryndís Þórisdóttir Kristín Helga Einarsdóttir Rakel Fjeldsted Jóhannesdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

8. árgangur Haustlyng Hrútaberjalyng Sortulyng	59	Álfrún Ýr Björnsdóttir Sólveig Lára Kjærnested Arna Rós Sigurjónsdóttir
9. árgangur Beitilyng Ljósalyng Mosalyng	66	Anna Reynarsdóttir Sigríður Elsa Vilmundsdóttir Sóley Ásta Karlsdóttir
10. árgangur Bláberjalyng Krækiberjalyng Rauðberjalyng	64	Agnes Björk Helgadóttir Kristín Pétursdóttir Theódór Aldar Tómasson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Starfsáætlun nemenda

Fjöldi kennslustunda:

- 1.– 4. árgangar 30 kennslustundir á viku
- 5. – 7. árgangar 35 kennslustundir á viku
- 8.-10. árgangar 37 kennslustundir á viku

Í 1. – 4. árgöngum eru viðfangsefnin meðal annars íslenska, stærðfræði, lífsleikni, enska, náttúrufræði, samfélagsfræði, upplýsingatækni, smíði, heimilisfræði, textílmennt, myndmennt og tónmennt. Unnið er eftir hugmyndafræði teymiskennslu, sjá nánar í kafla um teymiskennslu. Sérkennarar og stuðningsfulltrúar eru á yngsta stigi og eru þeir ýmist til aðstoðar inni í árgöngum eða taka minni hópa með sér í námsver eða á önnur kennslusvæði.

Í 5. – 7. árgöngum eru viðfangsefnin íslenska, enska, stærðfræði, danska, lífsleikni, náttúrufræði, samfélagsfræði, upplýsingamennt, smíði, heimilisfræði, textílmennt, myndmennt og tónmennt. Kennarar samþætta námsgreinar í ákveðnum lotum sem kallast *Straumur*. Helstu námsgreinar í Straum eru stærðfræði, verk- og listgreinar, upplýsingatæknimennt, samfélagsfræði, náttúrufræði og íslensku ásamt því að flétta inn lykilhæfni nemenda og sjálfbærni. Unnið er eftir hugmyndafræði um teymiskennslu, sjá nánar í kafla um teymiskennslu. Sérkennarar og stuðningsfulltrúar eru á miðstigi og eru þeir ýmist til aðstoðar inni í árgöngum eða taka minni hópa með sér í námsver eða á önnur kennslusvæði.

Í 8. – 10. árgöngum er greinaskipt kennsla í íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku og list- og verkgreinum (10. árgangur er ekki í smiðjum í lits- og verkgreinum. 10. árgangur er í heilsu og vellíðan. Samfélagsfræði, náttúrufræði, upplýsingatækni og bundið val er samþætt undir hugtakinu sprettur. Umsjónartími er ein kennslustund í viku og er flokkast sem hluti af bundnu vali. Nánari upplýsingar um *Sprettinn* má finna í kaflanum um kennslu. Nemendur fá stundatöflu þar sem tímar eru merktir inn á töfluna. Að auki eru nemendur með valtíma í töflu. Sérkennarar eru á unglingastigi og vinna þeir með minni hópa í námsveri.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Skóladagur nemenda

1. – 4. árgangar

07:50	Skólinn opnaður
8:10 – 9:30	Kennsla hefst – vinnulota
9:30 – 9:50	Nesti
09:50 - 10:10	Frímínútur/útivist
10:10 –11:30	Vinnulota
11:30 – 11:50	Matur / vinnulota
11:50 – 12:10	Matur / vinnulota
12:10-12:40	Útivist
12:40-13:20	Vinnulota

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

5. – 7. árgangar

07:50	Skólinn opnaður
8:10 – 9:30	Kennsla hefst – vinnulota
9:30 – 9:50	Útivist
9:50 – 10:10	Nesti
10:10 11:10/11:30	Vinnulota / Matur
11:30-12:00	Útivist
12:00-12:20	Vinnulota / Matur
12:20-14:00	Vinnulota

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

8. – 10. árgangar

07:50	Skólinn opnaður
8:10/8:30/8:50-9:30	Vinnulota
09:35-10:15	Vinnulota
10:15-10:35	Frímínútur – nesti
10:35-11:35	Vinnulota
11:35-11:40	Frímínútur
11:40-12:40	Vinnulota (ýmist í 40 eða 60 mínútur).
12:40-13:10	Matur
13:10-13:50/14:10	Vinnulota (ýmist í 40 eða 60 mínútur).
14:10-14:50 14:50-15:30 15:30-16:10	Vinnulota - Kennsla valgreina er á mánudögum og fimmtudögum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Viðmiðunarstundatafla

Viðmiðunarstundaskrá	1.árgangur	2.árgangur	3.árgangur	4.árgangur	5.árgangur	6.árgangur	7.árgangur	8.árgangur	9.árgangur	10.árgangur
	Kest. á viku	Kest. á viku	Kest. á viku	Kest. á viku	Kest. á viku	Kest. á viku	Kest. á viku	Kest. á viku	Kest. á viku	Kest. á viku
Íslenska	7	7	7	7	7	7	7	5,5	5,5	5,5
Erlend tungumál	1	1	1	1	3	3	5	7	7	7
List- og verkgreinar	4	4	5	5	5	5	5	2,8	1,8	1,8
Náttúrugreinar	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Skólaíþróttir	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Samfélagsfræðigr.	3	3	3	3	4	4	3	3	3	3
Stærðfræði	5	5	5	5	6	6	6	5,5	5,5	5,5
Upplýsinga- og tæknim.	2	2	2	2	2	2	2	2,2	2,2	2,2
Val	2	2	1	1	2	2	1	5	6	6
Samtals	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37

Helstu viðburðir skólaársins

- 25. ágúst - skólasetning.
- 26. - 27. ágúst – samvinnudagar.
- 8. september – valgreinar hefjast á elsta stig.
- Súpufundir í 8., 5. og 1. árgöngum eru 2., 3. og 4. september.
- 3. október – sveitaferð – 3. árgangur.
- 10. október - Námskynningar í 1.-10. árgöngum eru á námsvef Vatnsendaskóla.
- 13. -23.október - foreldra og nemendaviðtöl fyrir 1.-10. árgöngum eftir kennslu.
- 13.-17. október – 9. árgangur skólabúðir í Vindáshlíð.
- 10. október – skipulagsdagur – frístund opin.
- 24. október - Vetrarhátíð
- 27. og 28. október - vetrarfrí.
- 3.-14. nóvember - Uglulestrarátak sem lýkur með uppskeruhátíð í tilefni af degi íslenskrar tungu mánudaginn 17. nóvember.
- 7. nóvember - gengið gegn einelti.
- 12. nóvember – skipulagsdagur - frístund lokuð.
- 20. nóvember - dagur mannréttinda.
- Fyrstu vikuna í desember - 2. bekkur fer að Mógilsá og heggur jólatré.
- 5.desember - skreytingardagur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

- 8.-10. desember – Elsta stig velur valgreinar fyrir vorönn 2026
- 18. desember - jólasveinaleikar í íþróttahúsinu (óhefðbundnir íþróttaleikir).
- 19. desember – jólaskemmtanir 1.-10. bekkur.
- 5. janúar – skipulagsdagur.
- 19. janúar – Valgreinar hefjast á vorönn.
- 4. febrúar - foreldra og nemendaviðtöl.
- 18. mars – öskudagshátíð - skertur dagur.
- 19.-20. febrúar - vetrarfrí.
- 2.-5. mars – 7. árgangur á Reyki
- 10. mars – skipulagsdagur – frístund lokuð.
- 25.-27. mars – þemadagar.
- 30. mars - 6.apríl – páskaleyfi.
- 15. maí - skipulagsdagur.
- 8.-9. júní - Vordagar í Vatnsendaskóla -uppbrotsdagur og skertir skóladagar.
- 9. júní – skólaslit 10. árgangur.
- 10. júní – skólaslit 1.-9. árgangar.

Nemenda- og foreldraviðtöl

Gott samstarf heimila og skóla leggur grunn að farsælli skólagöngu nemenda. Hefðbundin nemenda- og foreldraviðtöl eru tvisvar yfir skólaárið, í október og í febrúar. Kennarar boða foreldra til viðtala að auki ef þurfa þykir.

Skólabúðir

7. árgangur fer árlega í Skólabúðirnar að Reykjum, í ár 2.-5. mars 2026 og 9. árgangur fer í Skólabúðir í Vindáshlíð 13.-17. október 2025.

Vettvangsferðir

Vettvangsferðum er fléttað inn í skólastarfið í flestum árgöngum. Nemendur 3. árgangs fara t.d. í réttarferð á haustin. Nemendur 5. árgangs fara í gróðursetningaferð á vorin í samstarfi við Skógræktarfélag Kópavogs. 10. árgangur fer í útskriftarferð að vori en hún er skipulögð af foreldrum.

Fleiri ferðir eru fyrirhugaðar í vetur í öllum árgöngum skólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Útiskóli

Skólaárið 2025-2026 verðum við með Útiskóla fyrstu fjórar kennsluvikurnar og síðustu fjórar fyrir 1.- 4.árgang. Hver árgangur er allan skóladaginn einu sinni í viku í Guðmundarlundi. Markmiðið er að nemendur fái tækifæri til að vinna úti í náttúrunni í fjölbreyttum viðfangsefnum.

Samstarf við leikskóla

Í skólahverfinu eru tveir leikskólar, Aðalþing og Sólhvörf. Samstarf er milli þessara skóla og Vatnsendaskóla á ýmsum sviðum þar sem markvisst er unnið að því að gera börnum auðvelt að fara úr leikskólunum í Vatnsendaskóla. Elstu börn leikskólanna heimsækja Vatnsendaskóla nokkrum sinnum yfir veturinn og taka þátt í ýmsum viðburðum. Í maí er haldinn vorskóli fyrir verðandi nemendur Vatnsendaskóla. Þá koma nemendur og foreldra á tveggja tíma námskeið. Foreldrar fá fræðslu um skólastarf Vatnsendaskóla og nemendur fá að fara í kennslustund.

Frístund Vatnsendaskóla, Stjörnuheimar, er með sumardvöl fyrir verðandi nemendur skólans í tvær vikur fyrir skólasetningu. Þetta gerir skólabyrjun 1. árgangsins í Vatnsendaskóla auðveldari þar sem börnin læra að þekkja skólahúsnæðið, skólalóðina og starfsfólkið í frístundinni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Valgreinar á elsta stigi

Nemendur í 8., 9. og 10. árgöngum velja 6 kennslustundir í valgreinum. Nemendur geta að hámarki fengið 4 kennslustundir í afslátt. Hægt er að fá íþróttaiðkun og/eða annað nám metið sem valgrein. Ef nemendur stunda nám utan skóla jafngildir tveggja klukkustunda nám einni kennslustund í vali. Athugið að nemendur velja fyrir haustönn í ágúst og fyrir vorönn í desember. Af gefnu tilefni er vert að taka fram að vinna nemenda telst ekki sem val utan skóla. Valgreinar falla niður ef ekki næg þátttaka næst. Lágmarksfjöldi í hóp er 10-12 nemendur.

Haustönn: 8. september – 16. janúar 2026

Vorönn : 19. janúar 2025 – 29. maí 2026

Valgreinar skólaárið 2025-2026:

Upplýsingar um valgreinar má finna á þessari vefslóð. Námsvefur - Valgreinar á unglingastigi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Skólabragur og skólareglur

Í Vatnsendaskóla er lögð áhersla á að skapa jákvæðan skólabrag og að góður vinnuandi sé ríkjandi. Mikilvægt er að allir sem í skólanum starfa stuðli að og viðhaldi góðum starfsanda þar sem öryggi, vellíðan og heilbrigði eru í fyrirrúmi. Gagnkvæmt traust, virðing, samábyrgð, tillitssemi og jákvæð framkoma eru höfð að leiðarljósi í skólastarfinu. Námsagi einkennist af því að tillit sé tekið til þarfa nemenda, þroska þeirra og hæfni með áherslu á mannréttindi, jafnrétti, lýðræðisleg vinnubrögð og bann við mismunun af öllu tagi.

Vatnsendaskóli er símalaus skóli.

Skólareglur Vatnsendaskóla

Í skólanum eiga allir nemendur rétt á að vera öruggir og geta sinnt námi sínu og leikið sér án áreitis og truflunar frá öðrum .

Það þýðir að nemendur:

- Sýna hver öðrum og starfsfólki virðingu, kurteisi og tillitssemi.
- Fara eftir fyrirmælum starfsmanna skólans.
- Sitja með öryggisbelti spennt í rútuferðum á vegum skólans.
- Eru á skólalóðinni á skólatíma nema með sérstöku leyfi kennara eða annarra starfsmanna skólans.
- Nota hvorki reiðhjól, vespur, rafhjól, línuskauta, hjólaskó, hjólabretti né hlaupahjól á skólalóðinni á skólatíma.

Nemendur bera ákveðna ábyrgð í skólanum.

Það þýðir að nemendur:

- Mæta stundvíslega í allar kennslustundir.
- Ganga rólega um ganga skólans.
- Eru ekki með háreysti á ferðum sínum um skólann, í matsal eða kennslustofum.
- Ganga vel og snyrtilega um húsnæði skólans og eigur hans, svo sem bækur, spjaldtölvur og önnur kennslugögn, kennsluáhöld og húsgögn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Í skólanum er borin umhyggja fyrir heilsu nemenda.

Það þýðir að nemendur:

- Neyta hvorki gosdrykkja/orkudrykkja né nokkurs sælgætis á skólatíma.
- Nota hvorki nikótínpúða, tóbak, rafsígarettur eða aðra vímugjafa á skólatíma og á skólalóð.
- Nota ekki snjallsíma, GSM síma né símaúr í skólahúsnæðinu né á skólalóð.

Sömu reglur gilda um allt tómstundastarf, skemmtanir og ferðir á vegum skólans.

Viðbrögð við brotum á skólareglum.

Þeir nemendur sem ekki geta farið eftir skólareglum fá viðeigandi leiðsögn:

- Kennari ræðir við nemanda og bendir honum á hvað hann hefur gert rangt og spyr nemandann um sitt hlutverk og hvort hann geti bætt fyrir brot sitt.
- Ef nemandi lætur ekki segjast hefur kennari samband við foreldra símleiðis og skráir í dagbók á Mentor. Kennari boðar foreldra á fund ef þurfa þykir.
- Stjórnendur eru kallaðir til ef nemendur láta ekki segjast eftir samtal við kennara og foreldra.
- Ítrekuð brot sem send eru til skólastjórnenda skal tilkynna til forráðamanna með símtali og boðað til fundur með stjórnendum og kennara.
- Öll alvarlegri mál sem eru skráð í dagbók nemanda í Mentor eru tilkynnt til foreldra að undangengnu símtali.
- *Þegar alvarlegri brot eiga sér stað, t.d. brot sem fela í sér hverskonar ofbeldi s.s. rafrænt, líkamlegt eða andlegt.*
- Getur komið til þess að foreldrar þurfi að sækja nemendur tafarlaust í skólann.
- Ef um ræðir alvarlegt brot á notkun á snjalltæki er tækið tekið af nemendum tímabundið í samráði við foreldra.
- Verði nemandi uppvís að óheimilli notkun snjall- eða GSM síma í skólanum skal hann samstundis ganga frá síma í skólatösku eða afhenda kennara/starfsmanni skólans símann. Kennari skráir atvik í Mentor.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

- Við ítrekuð brot er nemanda vísað til skólastjórnenda og foreldrum tilkynnt um atvik og boðuð á fund með kennara og/eða stjórnendum. Nemandi geymir símtækið heima.
- Við alvarleg brot er nemanda vísað til skólastjórnenda og foreldrar boðaðir á fund eins fljótt og hægt er.

Skólareglur Vatnsendaskóla voru uppfærðar haustið 2025.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Notkunarreglur spjaldtölva

- Förum eftir fyrirmælum kennara um notkun spjalda.
- Í kennslustundum fáum við staðfest frá kennara að við eigum/megum nota spjaldið.
- Tónlist = heyrnartól.
- Myndatökur og myndbirtingar eru háðar SAMÞYKKI.
- Í matsalnum notum við ekki spjaldtölvurnar.

Viðbrögð við brotum á reglum um spjaldtölvur

- Við fyrsta brot er nemanda gefin viðvörun.
- Við annað brot er gefinn punktur í Mentor.
- Við endurtekin brot er sendur póstur til foreldra (eftir 5 punkta sendir kennari póst heim)
- Við síendurtekin brot er nemandi boðaður á fund ásamt foreldrum og skólastjórnendum.
- Geti nemandi ekki farið eftir reglum þá skal spjaldið geymt á vegum skólans þar til annað er ákveðið.

Viðmið um skráningu


Viðmið um leyfi, veikindi, fjarvistir og seinkomur

Viðmið um brot á skólareglum

Viðmið um ófullnægjandi heimalestur eða heimavinnu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Ferli vegna brota á skólareglum



Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Uppeldi til ábyrgðar

Starfsfólk Vatnsendaskóla vinnur samkvæmt stefnunni Uppeldi til ábyrgðar, uppbyggingu sjálfsaga sem byggð er á kenningum Diane Gossen. Uppeldi til ábyrgðar leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blindna hlýðni og á virðingu fremur en stjörnugjöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum. Uppeldi til ábyrgðar hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist við bekkjarstjórnun þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Þetta er aðferð í samskiptum og aðferð við að ná jafnvægi og innri styrk eftir að hafa beitt samferðamenn sína rangindum eða lent upp á kant við þá. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum. Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Árshjól – Uppeldi til ábyrgðar

Tímasetning	Verkefni
Ágúst	Nýir starfsmenn fara á námskeið um *uppeldi til ábyrgðar* .
	Aðrir starfsmenn fá upprifjun á stefnunni.
	Starfsmenn skólans gera starfsmannasáttmála.
	Reglulegir bekkjarfundir hefjast hjá umsjónarkennurum.
September	Kynning á uppeldi til ábyrgðar á námskynningum með foreldrum.
	Kennarar fara yfir mitt og þitt hlutverk með nemendum og gera veggspjöld. Sama á við um kennara og stuðningsfulltrúa.
	Kennarar kynna þarfahringinn og fara yfir þarfirnar með nemendum.
Október	Rætt um skýr mörk við nemendur.
	Rætt um lífsgildi í fjölskyldum, lífgildi nemenda og lífsgildi hópsins.
Nóvember	Umsjónarkennarar velja lífsgildi bekkjarins með sínum nemendum. Þeir gera síðan bekkjarsáttmála og gera veggspjald.
	Gera T-spjöld um bekkjargildin.
Janúar	Kennarar rifja upp þau atriði sem unnið var með á haustönn.
Febrúar	Sáttaleiðir kynntar eins og til dæmis friðarborð og sáttaborð.
Mars	Nemendur finna út hvaða þarfir þeir hafa og búa til þarfastjörnu.
	Lífsgildi - nemendur velta fyrir sér hvernig manneskjur þeir vilji vera
	(Y-spjald).
Apríl	Hver stjórnar því hvernig við bregðumst við? (Til dæmis verkefnið bíllinn)
	Bjargirnar - hvers þarfnast ég til að leysa vandamál?

*Hægt er að vinna þetta á hraða hvers og eins, ramminn er til þess að vita hvenær á að hafa lokið hverjum þætti fyrir sig.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Spjaldakerfi – Jákvæð hegðun

Í tengslum við uppeldi til ábyrgðar nýta kennarar sérstakt spjaldakerfi sem innleidd var í samvinnu við Vöndu Sigurgeirsdóttur hjá KVAN . Kerfið er nýtt til að styrkja jákvæða hegðun nemenda og aðstoða þá við að velja jákvæða hegðun en um leið að það að velja neikvæða hegðun hefur afleiðingar. Í Uppeldi til ábyrgðar erum við að kenna nemendum að læra að taka ábyrgð á eigin hegðun og þetta kerfi er til að aðstoða nemendur að velja rétt og minna á það sem vel er gert.

Viðmið – Spjöld

Við viljum grænt

- Grænt spjald
- Kurteis
- Hlusta og fara eftir fyrirmælum starfsfólks skólans
- Vera góð/ur við aðra

Við pössum okkur þegar við fáum gult

- Gult spjald:
- Dónaleg/ur við starfsfólk og aðra nemendur
- Fara ekki eftir fyrirmælum starfsfólks
- Meiða aðra
- Meiðir með orðum

Við viljum ekki appelsínugult

- Appelsínugult spjald:
- Ítrekað dónaleg/ur við starfsfólk og aðra nemendur
- Fer ítrekað ekki eftir fyrirmælum starfsfólks
- Meiðir aðra ítrekað
- Meiðir ítrekað með orðum

Við viljum alls ekki rautt

- Rautt spjald:
- Meiða aðra viljandi
- Ítrekaður dónaskapur
- Endurtekið meiðir aðra nemendur
- Útilokar nemendur í samskiptum og meiðir með orðum

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Leikir í útivist

Í útivist eru stýrðir leikir þar sem fulltrúar nemenda úr öllum bekkjardeildum í 3.-7. árgöngum taka að sér að stýra leikjum og afþreyingu á skólalóðinni. Auk þess halda þeir utan um gögn sem notuð eru, bjóða öllum að vera með og láta vita ef þeir sjá eitthvað sem betur má fara. Nemendur tilnefna einstaklinga úr sínum hópi sem gegna hlutverkinu hálfan veturinn en svo eru aftur tilnefndir einstaklingar sem gegna þá hlutverkinu til vors.

Leikir í útivist stuðla að:

- jákvæðni og vellíðan
- jákvæðri afþreyingu á skólalóðinni í frímínútum.
- hreyfingu nemenda með fjölbreytt úrval leikja er á skólalóðinni.
- vellíðan nemenda í útivist og taki þátt með jákvæðni í að gera skólann sinn enn betri en hann er.
- eflingu nemenda til að takast á við hlutverk stjórnanda
- leiðtogaþjálfun

Nemendur eflast í leiðtogahlutverki sínu því þeir:

- fara á fundi reglulega og lærir hvernig á að vinna skipulag næstu tveggja vikna.
- vinna skipulag næstu tveggja vikna.
- verða stýrandi í leik á skólalóðinni með stuðningi fullorðinna gæsluaðila.
- læra að meta ástand skólavallarins og fá að hafa áhrif þar til góðs.
- virkja jákvæða leiðtoga innra með sér.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Jákvæðir leiðtogar í útivist

- setja upp, taka þátt í og aðstoða við afþreyingu í frímínútunum
- sýna öðrum nemendum sérstaka athygli sem og þeim sem eru einir í frímínútunum
- láta vita af því ef hann heldur að nemendum í skólanum leiðist, séu einmana eða ef hann verður vitni að einelti og útilokun eða öðru sem getur valdið vanlíðan nemenda
- fá dagsnámskeið í leikjum og ráðleggingar um hvernig hægt er að hvetja aðra í leik
- fá stuðning og leiðsögn frá umsjónarmanni leikja í útivist í skólanum

Verkfærakistan

Í skólanum er unnið markvisst að því að auka leiðtoga- og samskiptafærni nemenda, í formi leikja og ýmissa verkefna. Unnið með efnið frá KVAN í öllum árgöngum skólans.

Rannsóknir sýna að félagslegum vanda fylgja alvarlegar og jafnvel langvarandi neikvæðar afleiðingar fyrir börn á öllum aldri. Því er mikilvægt að skima fyrir félagslegum erfiðleikum og grípa inn í eins fljótt og auðið er. Til að svo megi verða þurfa kennarar og allir þeir sem vinna með börnum að hafa þekkingu og færni til að koma auga á börn í félagslegum vanda ásamt því að kunna árangursríkar aðferðir til að hjálpa þeim. Oft er þó ekki nóg að vinna eingöngu með einstaklinga heldur þarf að vinna með allan hópinn. Er það til að mynda nauðsynlegt í eineltismálum og ýmsum samskiptavandamálum. Þá er vandinn í mörgum tilfellum tengdur hópnum í heild en ekki einstaka börnum. Bestur árangur næst með markvissum langvarandi aðgerðum sem beinast annars vegar að einstaklingum og hins vegar að hópnum (Upplýsingar teknar af heimasíðu KVAN.).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Nefndir og ráð skólans

Skólaráð

Samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008 skal starfa skólaráð við grunnskóla sem er samstarfsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald.

- Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans.
- Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin.
- Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

Skólanefnd, sbr. 6 gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.“ (Lög um grunnskóla, samþykkt á Alþingi 29. maí 2008, II. kafli, 8.gr.)

Í skólaráð skal skipa níu einstaklinga til tveggja ára í senn:

- Skólastjóri sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess
- Tveir fulltrúar kennara.
- Einn fulltrúa annars starfsfólks en kennara.
- Tveir fulltrúar nemenda.
- Tveir fulltrúar foreldra.
- Einn fulltrúi úr grenndarsamfélaginu sem ofantaldir fulltrúar skólaráðs velja eða einn viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra.

Skólaráð Vatnsendaskóla

Skólaráð Vatnsendaskóla er skipað eftirfarandi fulltrúum skólaárið 2025-2026:

María Jónsdóttir, skólastjóri
Rakel Fjeldsted Jóhannesdóttir , kennari
Sigurborg Sif Sighvatsdóttir, kennari
Alfreð Gústaf Maríusson, starfsmaður
Bríet Dóra Pétursdóttir, nemandi
Guðni Sigurður Guðmundsson, nemandi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Þórey Huld Jónsdóttir, foreldri

Halldór Guðnason, foreldri

Þorvar Hafsteinsson, fulltrúi grenndarsamfélags

Ingunn Huld Kristófersdóttir, ritari

Starfsáætlun skólaráðs

Skólaráð fundar skólaárið 2025-2026 á eftirtöldum dögum:

21.10 - 25.11- 13.01- 10.03 – 05.05

Fundartími er á þriðjudögum kl: 8:15 – 09:00.

Réttinda- og nemendaráð Vatnsendaskóla og Dimmu

Samkvæmt 10. gr. laga um grunnskóla, skal nemendafélag starfa í grunnskólum sem á m.a. að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Sunna Rut Garðarsdóttir forstöðukona Dimmu fundar vikulega með nemendaráði 8. – 10. árganga á þriðjudögum kl: 14:40-16:00. Lovísa Hannesdóttir deildarstjóri 1.-7. árgangs fundar einu sinni í mánuði með fulltrúum nemenda í 3.-7. árgangi.

Vatnsendaskóli er Réttindaskóli UNICEF á Íslandi. Að vera Réttindaskóli þýðir að skólinn ætlar að nota Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna í öllu sínu starfi. Að auki er markmiðið að kenna börnum um réttindi sín og ábyrgð. Markmiðið er að byggja upp lýðræðislegt námsumhverfi og efla jákvæð samskipti ásamt því að huga vel að umhverfisþáttum innan sem utan skóla.

Réttindaráð starfar innan skólans og er skipað af nemendum og starfsfólki.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Fulltrúar réttinda- og nemendaráðs skólaárið 2025- 2026 eru:

3.-7.árgangar	8. – 10. árgangar
Bóas Ohm Bjarnason	Adela Sif Davíðsdóttir
Elín Helga Árnadóttir	Bára Rán Viggósdóttir
Ellý Ohm Bjarnadóttir	Berglind Myrra Hrannarsdóttir
Emilía Björt Vífilsdóttir	Elísabet Arndís Snæbjörnsdóttir
Emilía Heba Konráðsdóttir	Emilía Rún Sigurðardóttir
Guðný Rut Ásgeirsdóttir	Emma Ottesen Gísladóttir
Herdís Kolka Héðinsdóttir	Guðrún Katrín Matthíasdóttir
Irma Katrín Gunnarsdóttir	Guðrún Lind Valberg
Kamilla Mist Davíðsdóttir	Guðrún Margrét Theódórsdóttir
Magnús Thor Guðmundsson	Hekla María Þórhallsdóttir
Margrét Halldóra Brynjarsdóttir	Katla Herborg Ævarsdóttir
Mattea Eldey Einarsdóttir	Katrín Hvönn Pétursdóttir
Óskar Logi Arnórsson	Kári Jökull Ívarsson
Saga Björt Halldórsdóttir	Laufey María Arnarsdóttir
Sara Mjöll Serrano	Laufey Rún Árnadóttir
Sigurjón Óli Viktorsson	Matthildur Ásta Daníelsdóttir
Sólveig Lea Ó Sigurveigardóttir	Ólöf María Valberg
Stefanía Valgeirsdóttir	Rafn Alexander M. Gunnarsson
Súsanna Kristín Kristinsdóttir	Rakel Fjóla Friðriksdóttir
Vida Von Martinsen	Sandra M. Mantouw Valþórsdóttir
Þorgrímur Aðalgeirsson	Zofia Dreksa

Ungmennaráð

Vatnsendaskóli á sinn fulltrúa í Ungmennaráði Kópavogs.

Fulltrúi Vatnsendaskóla er Katrín Hvönn Pétursdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Foreldrasamstarf

Samstarf heimila og skóla

Við í Vatnsendaskóla viljum eiga góð og uppbyggileg samskipti við foreldra um nám og velferð nemenda. Áherslur á samstarf heimila og skóla koma fram í lögum um grunnskóla (2008) og aðalnámskrá grunnskóla (2011). Mikilvægt er að samskipti foreldra og kennara séu góð og að velferð nemenda sé ávallt höfð að leiðarljósi. Samskiptin þurfa að vera skýr en um leið þarf að gæta þess að samskiptin hafi ekki truflandi áhrif á nám og kennslu.

Samstarf við foreldra með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Við leggjum áherslu á gott samstarf við foreldrar nemenda með annað móðurmál en íslensku. En þeir bera ábyrgð á að styðja við íslenskunám barna sinna ásamt því að rækta eigið móðurmál. Foreldrum gefst tækifæri til að upplýsa skólann m.a. um þarfir, menningu og stöðu barnsins. Skólinn veitir foreldrum stuðning og fræðslu um hvernig þeir geta stutt bæði við nám barna sinna og félagslega virkni. Foreldrar eru upplýstir um stöðu og framfarir barna sinna og haldnir eru reglulegir teymisfundir ásamt túlk. Ýmsar upplýsingar má finna á heimasíðu skólans á 11 tungumálum.

ÍSAT kennara Vatnsendaskóla er: Ragnheiður Jóna Aðalsteinsdóttir og María Ásmundsdóttir.

Tölvupóstur og símtöl

Tölvupóstur er þægilegt og fljótlegt samskiptaform sem getur oft nýst í almennum samskiptum við einstaka kennara eða skólann. Þegar foreldrar þurfa að ná tali af kennara er hægt að senda tölvupóst á kennarateymi eða kennara í einstökum greinum og biðja um viðtal. Árgangateymi í 1.-7.bekk eru með póstföng fyrir árganginn sem foreldrar senda á. Athygli er vakin á að tölvupósturinn berst til allra kennara í teymunum.

1. bekkur: argangur2019@kopskolar.is
2. bekkur: argangur2018@kopskolar.is
3. bekkur: argangur2017@kopskolar.is
4. bekkur: argangur2016@kopskolar.is
5. bekkur: argangur2015@kopskolar.is
6. bekkur: argangur2014@kopskolar.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

7. bekkur: argangur2013@kopskolar.is

Það er mikilvægt að hafa í huga að á skólatíma eru kennarar yfirleitt ekki við tölvur og foreldrar geta því ekki treyst því að tölvupóstur sem þeir senda kennara verði lesinn samdægurs. Hægt er að treysta því að kennarar svari tölvupósti foreldra að jafnaði innan tveggja daga frá því hann berst.

Því er betra, ef upp koma ófyrirséð brýn tilvik, að hringja á skrifstofu skólans í síma 4414000 og biðja um að skilaboðum sé komið til kennara eða óska eftir að kennari hafi samband. Kennarar svara ekki í síma eða taka við skilaboðum í síma meðan á kennslu stendur. Ef málið þolir ekki bið er haft samband við skólastjórnendur.

Foreldrafélag Vatnsendaskóla

Foreldrafélagið er samstarfsvettvangur foreldra og markmið þess er að efla og tryggja gott samstarf heimila og skóla, vinna að velferð nemenda, efla kynni foreldra innbyrðis, stuðla að fræðslu um skóla- og uppeldismál og standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

Foreldrafélag Vatnsendaskóla stendur fyrir öflugu félagsstarfi og skipuleggur í samráði við foreldra og nemendur nokkra fasta viðburði á hverju skólaári. Ber þar hæst að nefna Halloween ball og páskabingó að ógleymdri vorhátíð skólans en þessir viðburðir eru haldnir í samstarfi við fjáröflunarnefnd 10. árgangs sem safnar fyrir útskriftarferð. Auk þess stendur félagið fyrir hjóladegi, skíðadegi og sameiginlegum fræðslu og upplýsingafundum. Aðrir viðburðir eru settir á dagskrá eftir þörfum og áhuga skólasamfélagsins en stjórn Foreldrafélagsins styður heilshugar viðleitni foreldra barna skólans við að bæta starfið og hafa áhrif.

Foreldrafélagið starfar samkvæmt starfsreglum sem það setur sér m.a. um kosningu fulltrúa í skólaráð og kosningu í stjórn félagsins.

Stjórn Foreldrafélags Vatnsendaskóla skólaárið 2025– 2026 skipa:

- Brynhildur Arna Jónsdóttir, formaður /situr í stjórn SAMKÓP fyrir hönd félagsins
- Brynja Kristjánsdóttir, ritari
- Steinunn Þ. Þórðardóttir, gjaldkeri
- Þórey Jónsdóttir, meðstjórnandi, situr í skólaráði fyrir hönd foreldra

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

- Halldór Guðnason, meðstjórnandi, situr í skólaráði fyrir hönd foreldra
- Birna Eiríksdóttir, meðstjórnandi
- Inga Cristina Campos, meðstjórnandi

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans en félagið heldur einnig úti fésbókarsíðu. Netfang foreldrafélagsins er vatnsendaforeldrar@gmail.com.

Bekkjarfulltrúar

Foreldrafélag skólans hefur yfirumsjón með starfi bekkjarfulltrúa. Á kynningarfundum fyrir foreldra sem haldnir eru í byrjun skólaárs er óskað eftir sjálfboðaliðum til að gegna starfi bekkjafulltrúa en í hverjum bekk eru kosnir a.m.k tveir fulltrúar. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að halda utan um og koma að skipulagningu bekkjarstarfs með það að markmiði að styrkja samskipti og vináttu innan bekkjardeilda ásamt því að styrkja samband á milli foreldra í hópnum. Stjórn Foreldrafélagsins boðar til fundar bekkjafulltrúa í upphaf árs þar sem foreldrasamstarf komandi vetrar er rætt, foreldraröltið kynnt sem og Farsældarasáttmáli Heimilis og skóla. Sáttmálanum er ætlað að vekja foreldra til vitundar um mikilvægi þess að sýna uppvexti og skólagöngu barna sinna og unglinga áhuga og setja þeim skýr mörk. Sáttmálinn gefur foreldrum tækifæri til þess að samríma viðmið s.s varðandi útivistartíma, afmælisgjafir og tölvunotkun svo fátt eitt sé nefnt.

Upplýsingar um starfandi bekkjarfulltrúa má finna á heimasíðu skólans.

Foreldrarölt

Á undanförnum árum hefur foreldrafélag Vatnsendaskóla skipulagt foreldrarölt á kvöldin um helgar. Um er að ræða sjálfboðaliðastarf foreldra þar sem leitast er við að ná fram samstöðu þeirra á meðal um að virða reglur um útivist barna og koma í veg fyrir hópamyndun unglinga eftir að lögbundnum útivistartíma er lokið.

Bekkjarskemmtanir

Hver árangur hefur að lágmarki eitt bekkjarkvöld á hvorri önn. Bekkjarkvöld eru ýmist haldin í skólanum eða fyrir utan hann. Bekkjarfulltrúar skipuleggja bekkjarkvöld og er það gert í samvinnu við umsjónarkennara.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Námsvefur Vatnsendaskóla

Á heimasíðu Vatnsendaskóla er að finna námsvef skólans. Þar er að finna ýmsan fróðleik um skólastarfið, skemmtileg verkefni, kennslumyndbönd, ítarefni og hlekki á vefsíður sem nýtast nemendum vel í náminu ásamt kennsluáætlunum. Slóðin á námsvefinn er að finna hér.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi er skipt í innra og ytra mat. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar unnið af starfsmönnum hennar. Markmið innra mats er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá grunnskóla. Grundvallaratriði innra mats er að það stuðli að umbótum sem bæti skólastarfið og efli skólaþróun.

Niðurstöður eru birtar á heimasíðu skólans undir sjálfsmatsskýrslur

Innra mat

Innra mat skólans skiptist í nokkra þætti sem að hafa það eitt sameiginlegt að stuðla að betri líðan og árangri nemenda í Vatnsendaskóla.

Líðankönnun

Tvisvar sinnum á ári er lögð fyrir líðankönnun meðal nemenda í 1. - 10. bekk. Með þessari könnun er verið að skoða líðan nemenda almennt í skólanum. Tilgangur með fyrirlögn könnunarinnar er að vinna með niðurstöður innan skólans til að bæta líðan nemenda í skólanum.

Tengslakönnun

Tvisvar sinnum á ári er lögð fyrir tengslakönnun meðal nemenda í 1. - 10. bekk. Með þessari könnun er verið að skoða tengsl milli nemenda innan árganga. Tilgangur með fyrirlögn könnunarinnar er að skoða hvor einstaka nemendur séu vinafáir eða sjaldan valdir innan árgangsins. Unnið er með niðurstöðurnar innan skólans til að bæta tengslanet nemenda, koma í veg fyrir vanlíðan og einmannaleika nemenda skólans.

Skólapúlsinn

Nokkrum sinnum yfir skólaárið er lögð fyrir könnun á líðan og viðhorfi nemenda í 6. – 10. bekk. Þættirnir sem mældir eru með könnunum skólapúlsins eru:

- Virkni nemenda
- Líðan og heilsa
- Skólastarf og bekkjarandi
- Ánægja af lestri
- Áhugi og ánægja af stærðfræði
- Áhugi og ánægja af náttúrufræði
- Trú á eigin námsgetu
- Trú á eigin vinnubrögð í námi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

- Þrautseigja í námi
- Sjálfsálit
- Stjórn á eigin lífi
- Vellíðan
- Tíðni eineltis
- Tegund eineltis
- Staðir eineltis
- Hreyfing
- Mataræði
- Samsömun við nemendahópinn
- Samband nemenda við kennara
- Agi í tímum
- Virk þátttaka í tímum
- Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Umbótaáætlun 2025 - 2026

Af mörgu er að taka þegar umbætur í skólum eru annars vegar. Þó margt sé vel gert má alltaf gera enn betur. Það að ígrunda starf sitt og spyrja sig gagnrýninna spurninga er eðlilegur hluti skólastarfs.

Nemendakönnun

Vatnsendaskóli tekur þátt í nemendakönnun Skólapúlsins og eru það nemendur í 6. – 10. bekkjum sem taka þátt í könnuninni. Þeir þættir sem mældir eru snúa að virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsu nemenda og skóla- og bekkjaranda. Niðurstaða skólans á hverjum matsþætti er borin saman við samanlagða útkomu allra skóla sem taka þátt. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (e. stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalníukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Veturinn 2024-2025 voru 317 nemendur í úrtakinu og svöruðu 310 nemendur könnuninni eða 97,8%. Vatnsendaskóli kom nokkuð vel út úr könnuninni þetta skólaár og var um og yfir landsmeðaltali í öllum þáttum nema fimm, þeir eru: *ánægju af lestir, ánægju af náttúrufræði, oftast góður eða frekar góður matur, virk þátttaka nemenda í tímum og tíðni leiðsagnamats*. Heildarniðurstöður er að finna á heimasíðu skólans og umbótaáætlun í næsta kafla.

Nemendakönnun

Umbótaþættir Virkni nemenda	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ ar	Endurmat	Viðmið um árangur
Ánægja af lestri	Efla ánægju drengja á miðstigi á lestri.	Leggja áherslu á að kynna lestur og bækur fyrir drengjum. Rithöfundar sem höfða til drengja kynntir. Kaupa bækur sem að höfða til áhugamála drengja.	Skólaárið 2025-2026	Skólastjórnendur Bókasafnsstjóri Kennarar	Árlega: niðurstöður nemendakönnunar skólapúlsins. Skólapúlsinn 2025-2026, nemendakönnun	Að drengir á miðstigi hafi ánægju af lestri.
Ánægja af náttúrufræði	Að áhugi nemenda á náttúrugreinum aukist.	Að nemendur átti sig á hvenær þeir eru að vinna með náttúrufræði. Efla	Skólaárið 2025-2026	Skólastjórnendur Náttúrufræðikennarar og kennarar	Árlega: niðurstöður nemendakönn	Að nemendur hafi ánægju af náttúrugreinum

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

		jákvæðni í garðs náttúrufræði með því að kynna fjölbreyttar leiðir í náttúrugreinum.			unar skólapúlsins. Skólapúlsinn 2025-2026, nemendakönnun	og á áhugi nemenda aukist.
Umbótaþættir Líðan og heilsa	**Markmið með umbótum**	**Aðgerðir til umbóta**	**Tímaáætlun**	**Ábyrgðaraðilar**	**Endurmat**	**Viðmið um árangur**
Oftast góður eða frekar góður matur.	Að góður og næringarríkur matur sé á boðstólnum sem að nemendum líkar vel við.	Rýnihópur nemenda á yngsta- , mið- og elsta stigi. Matreiðslumeistari fer inn í alla árganga og hlustar á óskir nemenda. Árgangar velja föstudagsmat.	Skólaárið 2025-2026 Nóvember: Rýnihópar, heimsóknir í árganga. Mars: Rýnihópar, heimsóknir í árganga. Föstudagsmatur allt árið.	Matreiðslumeistari Skólastjórnendur	Skólapúlsinn 2025-2026, nemendakönnun	Að góður og næringarríkur matur sé á boðstólnum sem að nemendum líka við.
Umbótaþættir Skóla- og bekkjarandi	**Markmið með umbótum**	**Aðgerðir til umbóta**	**Tímaáætlun**	**Ábyrgðaraðili/ar**	**Endurmat**	**Viðmið um árangur**
Virk þátttaka nemanda í tímum	Að stelpur á miðstigi fá jöfn tækifæri við stráka til að taka virkan þátt í kennslustundum.	Efla stelpur til að segja frá hugmyndum sínum og koma skoðunum sínum á framfæri í kennslustundum.	Skólaárið 2025-2026	Skólastjórnendur Kennarar	Árlega: niðurstöður nemendakönnunar skólapúlsins. Skólapúlsinn 2025-2026, nemendakönnun	Að stelpur á miðstigi taki virkan þátt í kennslustundum með því að segja frá hugmyndum sínum og skoðunum.
Tíðni leiðsagnarmats	Að kennarar og nemendur ræði markvisst um námið, hvað gangi vel og hvað þarf að gera til að ganga betur.	Fræða kennara um leiðsagnarmat og leiðsagnarnám.	Skólaárið 2025-2026. Markviss fræðsla og umræður um leiðsagnarmat og leiðsagnarnám.	Skólastjórnendur og kennarar	Árlega: niðurstöður nemendakönnunar skólapúlsins. Skólapúlsinn 2025-2026, nemendakönnun	Að nemendur fá virka leiðsögn í námi og að kennarar séu öruggir í að veita nemendum leiðsögn í nám og námsmati.

Starfsmannakönnun

Vatnsendaskóli tekur þátt í starfsmannakönnun Skólapúlsins.

Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (e. stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalníukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Skjal sótt af vatnsendaskoli.is 1.11.2026

Veturinn 2024-2025 voru 75 starfsmenn í úrtakinu og svöruðu71 starfsmaður könnuninni eða 94,7%. Heildarniðurstöður er að finna á heimasíðu skólans og umbótaáætlun í næsta kafla.

Starfsmannakönnun

Umbótaþættir Starfið	**Markmið með umbótum**	**Aðgerðir til umbóta**	**Tímaáætlun**	**Ábyrgðaraðili/ar**	**Endurmat**	**Viðmið um árangur**
Ágreiningur um hlutverk.	Að almennt starfsfólk þekki hlutverk sitt innan skólans og fái þjálfun til að leysa þau verkefni sem þeim eru falin.	Kynna starfslýsingu og hlutverk fyrir almennu starfsfólki. Að almennt starfsfólk fái kynningu og þjálfun til að leysa þau verkefni sem þeim eru falin.	Skólaárið 2025-2026. Kynningar á starfslýsingu og hlutverki almenns starfsfólks. Námskeið og þjálfun fyrir almennt starfsfólk.	Stjórnendur Forstöðumaður frístundar Húsvörður Matráður	Skólapúlsinn 2026-2027, starfsmannakönnun	Að almennt starfsfólk þekki hlutverk sitt og viti hvað sé ætlast til af þeim.
Umbótaþættir Starfsfólk	**Markmið með umbótum**	**Aðgerðir til umbóta**	**Tímaáætlun**	**Ábyrgðaraðili/ar**	**Endurmat**	**Viðmið um árangur**
Skuldbinding til vinnustaðar.	Að almennt starfsfólk upplifi sig sem hluta af heildinni.	Virkja almennt starfsfólk til þátttöku á viðburðum og hvetja það áfram til að standa sig vel í starfi.	Skólaárið 2025-2026.	Stjórnendur Forstöðumaður frístundar Húsvörður Matráður	Skólapúlsinn 2026-2027, starfsmannakönnun	Að almennt starfsfólk skuldbindi sig til vinnustaðarins.
Ræktun mannauðs.	Að starfsfólk skólans sé markvisst hrósað fyrir vel unnin störf.	Virkja starfsfólk til að hrósa hvert öðru.	Skólaárið 2025-2026.	Stjórnendur og starfsfólk skólans.	Skólapúlsinn 2026-2027, starfsmannakönnun	Að starfsmönnum sé hrósað fyrir vel unnin störf.
Gagnsemi starfsmannasamtölum.	Að kennarar á elsta stig upplifi gagnsemi starfsmannasamtölum.	Nýtt fyrirkomulag starfsmannasamtala tekið upp þar sem samfella í í starfsmannasamtölum er jafnt og þétt yfir árið.	Skólaárið 2025-2026.	Stjórnendur	Skólapúlsinn 2026-2027, starfsmannakönnun	Að kennarar á elsta stigi upplifi gagnsemi af starfsmannasamtölum.
Umbótaþættir Vinnustaðurinn	**Markmið með umbótum**	**Aðgerðir til umbóta**	**Tímaáætlun**	**Ábyrgðaraðili/ar**	**Endurmat**	**Viðmið um árangur**
Starfsandi	Að almennt starfsfólk finni fyrir þeim góða starfsanda sem ríkir og sé hluti af honum.	Hvetja almennt starfsfólk til að taka þátt í viðburðum og samræðum þannig að það upplifi hvetjandi og þægilegt andrúmsloft.	Skólaárið 2025-2026.	Allir á vinnustaðnum	Skólapúlsinn 2026-2027, starfsmannakönnun	Að góður starfsandi ríki meðal allra starfsmanna.
Stuðningur við nýsköpun	Að almennt starfsfólk sé hvatt til að sýna frumkvæði á vinnustað.	Hvetja almennt starfsfólk til að sýna frumkvæði á vinnustað.	Skólaárið 2025-2026.	Stjórnendur Forstöðumaður frístundar Húsvörður	Skólapúlsinn 2026-2027, starfsmannakönnun	Að almennt starfsfólk sýni frumkvæði á vinnustað.

Skjal sótt af 000000000, 11.11.2025

				Matráður		
Mismunun á vinnustað	Að almennu starfsfólki sé ekki mismunað á grundvelli kyns.	Að framkoma allra sé eins gagnvart öllum kynjum. Jafnréttisáætlun skólans kynnt fyrir almennu starfsfólki.	Skólaárið 2025-2026.	Stjórnendur Forstöðumaður frístundar Húsvörður Matráður Allir á vinnustaðnum.	Skólapúlsinn 2026-2027, starfsmannakönnun	Að engum sé mismunað á vinnustaðnum á grunnvelli kyns.
Einelti	Að almennt starfsfólk verði ekki fyrir einelti af hálfu samstarfsfólks.	EKKÓ áætlun kynnt fyrir almennu starfsfólki. Að rætt sé um samskiptavanda og að allir þurfi að leggja sitt af mörkum í samskiptum.	Skólaárið 2025-2026.	Stjórnendur Forstöðumaður frístundar Húsvörður Matráður	Skólapúlsinn 2026-2027, starfsmannakönnun	Að enginn verði fyrir né upplifi einelti á vinnustað.
Umbótaþættir Stjórnun	**Markmið með umbótum**	**Aðgerðir til umbóta**	**Tímaáætlun**	**Ábyrgðaraðili/ar**	**Endurmat**	**Viðmið um árangur**
Stuðningur frá næsta yfirmanni. Valdeflandi og sanngjörn forysta.	Að almennt starfsfólk fái stuðning frá næsta yfirmanni og að forystan sé valdeflandi og sanngjörn.	Að næsti yfirmaður styðji við starfsfólk með valdeflandi og sanngjörnum hætti. Stjórnendur sækja sér fræðslu til stuðnings.	Skólaárið 2025-2026.	Stjórnendur Forstöðumaður frístundar Húsvörður Matráður	Skólapúlsinn 2026-2027, starfsmannakönnun	Að forysta sé sanngjörn og valdeflandi ásamt því að starfsfólk fái markvissan stuðning.

Afrit sótt af 000000000' dags: 11.11.2026

Stoðþjónusta

Í Vatnsendaskóla er stoðþjónusta fyrir þá nemendur sem þurfa aðstoð með nám, tilfinningar, félagsleg samskipti og/ eða vegna fötlunar. Kennslan er ýmist einstaklingsbundin eða fer fram í hóp, hvort sem er innan bekkjar eða utan. Grundvöllur stoðþjónustu er greining á námsstöðu og vanda nemandans svo hægt sé að velja námsefni við hæfi. Greiningar geta komið frá kennara, sálfræðingi, sjúkraþjálfara, lækni, talmeinafræðingi, náms- og starfsráðgjafa eða öðrum sérfræðingum. Greiningar og stoðþjónusta eru ætíð unnin í samráði við forráðamenn barnanna og í góðu samstarfi við umsjónarkennara.

Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólinn skuli haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir hvers nemanda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum og sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi kennslu.

Í stoðþjónustu Vatnsendaskóla er leitast við að finna leiðir til að mæta þessu hlutverki á sem bestan hátt og gera námið sem skilvirkast. Þrjú námsver eru starfrækt í skólanum, eitt fyrir hvert stig. Í þeim starfa sérkennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar.

Helstu markmið stoðþjónustu eru:

- að styrkja sjálfsmynd nemenda
- að nemendur fái kennslu við hæfi
- að styrkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum
- að treysta samskipti við foreldra sem best

Stoðþjónusta í Vatnsendaskóla skiptist í eftirtalda þætti:

- Kennsla nemenda með einstaklingsnámskrá. Kennsla sem felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/ eða kennsluaðstæðum.
- Stuðningsmiðuð kennsla. Aðaláhersla á lestur og stærðfræði. Ekki er vikið verulega frá bekkjarnámskrá.

Nemendur fá stoðþjónustu samkvæmt greiningu sérfræðinga og greinandi skimunarprófum, ábendingum ýmissa aðila, svo sem leikskólakennara,

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

talmeinafræðings, kennara, deildarstjóra og foreldra. Að vori ræða sérkennarar við umsjónarkennara um stöðu nemenda og meta þeir sameiginlega þörf fyrir stoðþjónustu á komandi skólaári. Sérkennslutímum er skipt milli nemenda í samræmi við þarfir þeirra og endurskoðun fer fram nokkrum sinnum á ári.

Nánari upplýsingar um stoðþjónustu Vatnsendaskóla má finna:Handbók um stoðþjónustu

Nemendaverndarráð

Í Vatnsendaskóla er starfrækt nemendaverndarráð í samræmi við grunnskólalög og reglur um nemendaverndarráð. Nemendaverndarráð er skipað skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra 1.-7. árgangs og deildarstjóra 8.-10.árgangs, deildarstjóra stoðþjónustu, skólasálfræðingi, náms- og starfsráðgjafa og hjúkrunarfræðingi. Nemendaverndarráð heldur fundi aðra hverja viku og er hlutverk þess að gæta hagsmuna nemenda. Boðað er til aukafundar ef taka þarf brýn mál fyrir.

Tengiliður frá Barnavernd Kópavogs sitja fundi nemendaverndarráðs eftir því sem efni standa til. Hlutaðeigandi kennarar eru einnig boðaðir eftir þörfum. Kennarar vísa málum til ráðsins. Þeir hafa tilkynningarskyldu gagnvart ráðinu ef þeir hafa grun um vanrækslu vegna nemanda.

Umsókn um stoðþjónustu

Umsóknir um stoðþjónustu berast til deildarstjóra sem tekur málið fyrir í nemendaverndarráði. Eftir þann fund er haft samband við foreldra og málið sett í viðunandi ferli.

Stuðningsfulltrúar

Stuðningsfulltrúar eru til aðstoðar nemendum. Einnig sinna stuðningsfulltrúar gæslu í útivist og matargæslu og fylgd í rútuferðir. Stuðningsfulltrúar starfa undir stjórn kennara.

Þroskaþjálfar

Þroskaþjálfi er starfandi við skólann og vinnur hann með börnum sem þurfa á sértækum úrræðum og þjálfun að halda.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Skólahjúkrun

Ásthildur Ólöf Ríkharðsdóttir og Valdís Birta Arnarsdóttir eru hjúkrunarfræðingar skólans og eru undir stjórn Heilsugæslunnar Urðahvarfi.

Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsemi hennar er samkvæmt lögum, reglugerðum og tilmælum landlæknis. Í henni felast skimanir, viðtöl um lífsstíl og líðan, bólusetningar og heilbrigðisfræðsla, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans.

Nauðsynlegt er að hjúkrunarfræðingur fái upplýsingar um breytingar á högum nemenda eða ef um langvinna sjúkdóma og lyfjanotkun er að ræða.

Ef nemandi slasast í skólanum er fyrstu hjálp sinnt. Haft er samband við forráðamann ef veikindi eða slys ber að höndum og því er mjög mikilvægt að á skrifstofu skólans séu alltaf réttar upplýsingar um virk símanúmer og netföng.

Upplýsingar um helstu verkefni skólaheilsuverndar er að finna á heimasíðu skólans, www.vatnsendaskoli.is

Hjúkrunarfræðingar eru við á eftirfarandi tímum:

Mánudagar kl. 08:00-14:00
Þriðjudagar kl. 8:00-16:00
Miðvikudagar kl. 08:00-14.00
Fimmtudagar kl. 08:00-14:00
Föstudagar kl. 08:00-12:00

Sálfræðiþjónusta

Tinna Björk Baldvinsdóttur er sálfræðingur skólans. Hún sinnir nemendum ýmist að ósk skóla eða forráðamanna. Skólinn vísar nemendum aðeins til sálfræðings að gefnu samþykki forráðamanna. Forráðamenn leita til umsjónarkennara hafi þeir í hyggju að leita þjónustu skólasálfræðings. Umsjónarkennari vísar erindinu til deildarstjóra sem ber málið upp í nemendaverndarráði sem síðar vísar erindinu áfram til sálfræðings. Viðvera Tinnu Bjarkar er á mánudögum, þriðjudögum og föstudögum frá kl. 8:00-16:00

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Náms- og starfsráðgjöf

Guðrún Svava Þrastardóttir er náms- og starfsráðgjafi skólans í 100% starfshlutfalli, viðvera hennar er alla daga frá 8:00 – 16:00. Hlutverk hennar er að standa vörð um velferð nemenda, styðja þá og liðsinna í ýmsum málum, bæði þau er varða námið og eins í persónulegum málum.

Námsráðgjafi er trúnaðarmaður og málsvari nemenda. Verkefni hans eru m.a.:

- Persónuleg ráðgjöf nemenda, bæði hóp- og einstaklingsráðgjöf.
- Kynningar á framhaldsskólum.
- Leiðbeiningar um skipulögð vinnubrögð í námi.
- Könnun á áhugasviði.
- Val á framhaldsnámi.
- Prófkvíði.
- Prófundirbúningur.
- Samskipti.
- Stríðni.
- Einelti.
- Áhyggjur.
- Viðtöl við nýja nemendur.
- Tengiliður milli heimila og skóla.

Talmeinafræðingur

Erna Þráinsdóttir er talmeinafræðingur Vatnsendaskóla. Viðvera Ernu er frá kl: 8:00-16:00 á miðvikudögum.

Önnur sérfræðiþjónusta frá Menntasviði Kópavogs

Á grunnskóladeild menntasviðs Kópavogsbæjar starfa kennsluráðgjafar sem veita starfsfólki skóla, nemendum og foreldrum ráðgjöf og stuðning við úrlausn mála sem upp koma í skólastarfi.

Ef sérþarfir barns eru miklar og flóknar geta foreldrar sótt um skólavist fyrir barn sitt í sérskóla. Í Kópavogi eru einnig starfræktar sérdeildir og sérúrræði til þess að mæta mismunandi þörfum nemenda.

Farsæld barna

Farsæld barna snýst um að tryggja að öll börn á Íslandi fái tækifæri til að vaxa og þroskast á eðlilegan máta.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Markmiðið er að styðja börn og fjölskyldur eins fljótt og auðið er og veita þeim þann stuðning sem þau þurfa hverju sinni. Þetta er hluti af lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (lög nr. 86/2021).

Börn og foreldrar sem á þurfa að halda eiga að hafa aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Samþætt þjónustu í þágu farsældar barns er skipulögð og samfelld og hefur það markmið að skapa heildarsýn og ramma um þau þjónustukerfi sem skipta mestu máli fyrir farsæld barna. Hér eru upplýsingar um farsæld barna í Kópavogi.

Öll börn og foreldrar skulu hafa aðgang að tengilið þjónustu í þágu farsældar barns eftir því sem þörf krefur. Hlutverk tengiliðar er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og styðja við samþættingu á fyrsta stigi í samræmi við óskir foreldra og/eða barns. Foreldrar og börn geta leitað sjálf beint til tengiliðar eða sent beiðni í gegnum Þjónustugátt Kópavogsbæjar

Tengiliðar Vatnsendaskóla eru:

Aníta Björk Helgadóttir, deildarstjóri stoðþjónustu, anitab@kopavogur.is

Lovísa Hannesdóttir, deildarstjóri , lovisah@kopavogur.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Tómstundastarf

Vatnsendaskóli og félagsmiðstöðin Dimma vinna markvisst saman, hvort sem um er að ræða stóra eða smá viðburði. Jólaball og árshátíð eru dæmi um samvinnuviðburði, einnig hafa starfsmenn Dimmu komið með í skólaferðalög á vegum skólans. Deildarstjóri elsta stigs og forstöðumaður Dimmu funda 1x í viku með það að markmiði að efla samstarf og til að auka farsæld nemenda á sem flestum sviðum.

Hægt er að lesa nánar um viðburði á vegum skólans í kafla 4.

Félagsmiðstöðin Dimma

Félagsmiðstöðin Dimma er starfrækt í Vatnsendaskóla undir stjórn Sunnu Rutar Garðarsdóttur. Félagsmiðstöðin Dimma er opin á mánudögum og miðvikudögum frá 17:00 – 18:30 og 19:30 – 22:00 og svo annan hvern föstudag frá 19:30 – 23:00, ásamt því að vera með dag/hádegisopnanir alla virka daga.

Viðburðir Félagsmiðstöðva Kópavogs 2025– 2026

Félkó viðburðir:

Ítk vikan (íþróttaleikar) – 22.-26. september

Ítk ballið – 26. september

Félkó Lan - 27. október

Þema Ball - 7. nóvember

Árgangakvöld - 21. nóvember

Softball mót- 21. janúar

Spurningakeppnin Getkó -9. og 11. febrúar

Rave ball – 13. febrúar

Söngkeppni Félkó - 25. febrúar

Skíðaferð - 6-8. mars

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

10. bekkjarball - 22 maí

FélkóFest - 27. maí

Samfés viðburðir:

Landsmót Samfés- 3.- 5. október

Félagsmiðstöðva og ungmennahúsavikan – 13-15. október

Rímnaflæði - 21. nóvember

Danskeppni Samfés – 6. febrúar

Stíll hönnunarkeppni– 14. mars

Samfestingurinn – 8. maí

Söngkeppni Samfés – 9. maí

Stjörnuheimar og klúbbastarf

Stjörnuheimar, frístund Vatnsendaskóla, er opin nemendum skólans í 1. til 4. bekk eftir að skóla lýkur til kl: 16:30 alla daga sem starfsemi er í skólanum að undanskildum skólasetningardegi og 2 skipulagsdögum. Sími Stjörnuheima er 6214170. Einnig er hægt að ná sambandi við Stjörnuheima í gegnum skiptiborð skólans og í netpósti á netfangið arimagnus@kopavogur.is

Dagskrá Stjörnuheima byggir á frjálsum leik innan ákveðins ramma og verkefnum. Spil, föndur og hlutverkaleikir eru vinsæl auk inni- og útileikja. Einnig er farið í vettvangsferðir og unnið með þema ferðanna er heim í skóla er komið.

Markmið Stjörnuheima er að bjóða nemendum upp á athvarf þar sem þeir geta dvalið utan skólatíma meðan foreldrar eru í vinnu. Lögð er áhersla á siðferðilegt og félagslegt uppeldi nemenda. Einnig er lögð áhersla á að Stjörnuheimar sé nemendum fastur punktur í tilverunni, annað heimili þar sem gott er að koma og dvelja við skapandi störf og leiki.

Forstöðumaður Stjörnuheima er Ari Magnús Þorgeirsson.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Skák

Nemendum í 1.-10. bekk skólans er boðið upp á skákkennslu þeim að kostnaðarlausu. Lenka Ptacníkova skákkennari sér um kennsluna.

Tónlistarskólar

Tónlistarskóli Kópavogs og Skólahljómsveit Kópavogs fá aðstöðu í Vatnsendaskóla til hljóðfærakennslu að einhverju leyti.

Skólakór Vatnsendaskóla

Í Vatnsendaskóla eru starfræktur skólakór undir stjórn Jónínu Wilkins kórstjóra.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Símenntunaráætlun

Símenntun starfsfólks má skipta í tvo meginþætti. Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem starfsmenn meta æskilega eða nauðsynlega fyrir sig. Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu á grundvelli innra mats. Starfsmenn greina skólastjóra frá þeim þáttum sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi og/eða til að bæta þekkingu sína sem nýtist í starfi. Starfsmönnum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun skóla. Þau námskeið eru á vinnutíma starfsmanna og starfsmönnum að kostnaðarlausu.

Unnið verður áfram að viðhalda starfi í tengslum við að Vatnsendaskóli er Réttindaskóli Unicef.

Stjórnendur og kennarar munu leggja sig fram við að miðla gagnlegum upplýsingu með mánaðarbréfi, vikubréfum, á heimsíðu skólans og á Mentor. Menntabúðir Vatnsendaskóla munu leggja kennurum lið og efla þekkingu þeirra á upplýsingamiðlun til nærsamfélagsins.

Kennarar eru hvattir til að sækja *Kópmennt* sem eru menntabúðir grunnskóla Kópavogs.

Snjallteymi starfar við skólann. Teymið fundar reglulega og er kennurum innan handar við skipulagningu á spjaldtölvukennslu. Kennsluráðgjafar á vegum Kópavogsbæjar er kennurum einnig innan handa og geta kennarar fengið aðstoð hjá þeim. Snjallteymið skipuleggur jafningjafræðslu og menntabúðir innan skólans.

Annað hvert ár sækja allir starfsmenn skólans skyndihjálparnámskeið og er áætlað að halda slíkt á haustdögum 2026.

Skólaárið 2025 – 2026 verður haldið áfram að vinna að innleiðingu leiðsagnarnáms og leiðsagnarmats í samstarfi við kennara. Markviss fræðsla til kennara og umræður á stigsfundum hvers stig. Þá er fræðsluefni sent reglulega til kennara. Kennara eru hvattir til að lesa bækurnar *Leiðsagnarnám - Hvers vegna, hvernig, hvað?* og *Leiðsagnarnám, skref fyrir skref* ásamt því að kynna sér vel leiðsagarnarmat á vef MMS á haustönn. Á vorönn, 27. maí 2026 verður kaffihúsafundur með yfirskriftina: Leiðasagnarmat og leiðsagnarnám í Vatnsendaskóla; hvar stöndum við og hvert stefnum við.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Lestur í grunnskóla. Námskeið fyrir kennara í vetur í samstarfi við Sigurlaugu Rún kennsluráðgjafa þar sem fjallað um lestrarkennslu út frá áherslum aðalnámskrár í íslensku. Hvernig mat á læsi fer fram í grunnskólanum og hvernig kennara geta nýtt sér það mat sem grunn að skipulagi á námi og kennslu í upphafi lestrarnámsins til lok grunnskólans. Fjallað verður um nokkrar kennsluaðferðir og verður lögð áhersla á að skoða hvernig má best mæla árangur og framfarir nemenda í lestrarnáminu og hvernig kennarar geta nýtt sér matið til að gera breytingar á kennslunni. Þá verður einnig fjallað um samstarf við heimilin, fræðslu um heimanám og hvaða leiðir er hægt að fara til að einstaklingsmiða heimanám.

Vatnsendaskóli starfar eftir stefnu um Uppeldi til ábyrgðar og nýir kennarar og starfsfólk fara á námskeið að hausti vegna þessa. Innan skólans sér Svandís Halldórsdóttir um kynningu á stefnunni meðal nýrra starfsmanna. Námskeið fyrir nýliða verður haldið 10. október kl: 13. Öllum starfsmönnum skólans gefst kostur á að fara á námskeiðið.

Mikilvægt markmið í símenntun starfsmanna er að bjóða reglulega uppá viðburði og fræðslu sem snúa að líðan og heilsu starfsmanna. Kópavogsbær heldur reglulega fræðslu og erindi sem tengjast því málefni og huga stjórnendur að því að gefa starfsmönnum tækifæri til að sækja þá fræðslu, bæði með því að minna á námskeið og hvetja starfsfólk til að sækja slík námskeið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Fagteymi innan skólans

Í Vatnsendaskóla starfa nokkur fagteymi sem kennarar starfa í og hafa það hlutverk að efla, bæta og þróa skólastarfið ásamt því að efla fagvitund kennara.

Teymin sem starfa í vetur eru eftirfarandi:

- Gæða- og námsmatsteymi
- Snjallteymi
- Uppeldi til ábyrgðar
- Réttindaskólinn og skólaþing
- Vetrarhátíð og þemateymi
- Öryggisteymi
- Lestrarteymi

Teymi í Vatnsendaskóla 2025-2026

	Uppeldi til ábyrgðar	Þemateymi/Vetrar hátið	Öryggisteymi	Réttindaskóli / Skólaþing	Læsisteymi	Snjallteymi	Innleiðingarteymi aðalnámskrá	Gæðateymi	Heilsuteymi
Yngsta stig		J. Kristín	Sigurveig	Elsa Rut	María Katrín	Kristþóra	Hildur		
1.-4.árg				Sigurborg Sif			Íris		
Miðstig		Sigga	Kristín Helga	Hulda Kristín	Rakel	Sólborg		Jóhanna	Eva B
5.-7.árg									
Unglingastig		Agnes		Þórhalla	Sigríður Elsa	Helgi Snær	Teddi	Kristín P	Arna
8.10.árg				Jóna			Solla		
Stoðteymi		Bogga		Magga Jóna	Sara Sædal	María Á ;)	Álfrún	Klara	
Dimma			Víkingur	Sunna/Ari					
List, verkgr.& íþróttak.		Steinunn	Aldís	Rúna	Jónína W.				Árni
Allir		Óli	Hafsteinn	Hrefna				Sóley Ásta	
Stjórnandi	Svandís	Aníta/Sirrí	María	Lovísa / Ásta	Aníta	Sirrí	Lovísa/ Ingunn	María/Ingunn	Sóley K

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Áætlanir

Rýmingaráætlun er til í hverri kennslustofu.

Brunaæfingar eru haldnar tvisvar á ári og þá er húsið rýmt. Rýmingaráætlun er kynnt á kennarafundi að hausti og farið yfir hvernig henni verður hagað yfir veturinn.

Fyrri æfingin er að hausti og er auglýst því þá er verið að æfa nemendur í að fara í röð og fara á sinn stað úti. Þá er tekinn tími til að kanna hversu fljótir nemendur eru að tæma skólann. Seinni æfingin er eftir áramót og er sú æfing óundirbúin. Á næsta kennarafundi eftir æfingarnar er farið yfir það sem gekk vel og hvað betur mátti fara.

Rýmingaráætlun Vatnsendaskóla

Viðbragðsáætlun Vatnsendaskóla vegna inflúensufaraldurs

Vatnsendaskóli hefur sett sér viðbragðsáætlun um skipulag og stjórn aðgerða í skólanum í samræmi við áætlun Almannavarna um viðbrögð við heimsútbreiðslu inflúensu. Markmið áætlunarinnar miða að því að lágmarka áhrif inflúensufaraldurs og afleiðingar hans innan skólans.

Eftirfarandi gildir almennt um inflúensufaraldur.

Helstu leiðir til að draga úr smiti:

- Veikist nemandi þannig að einkennin bendi til inflúensu, er honum ráðlagt að halda sig heima í tvo daga eftir að hann er orðinn hitalaus.
- Ekki er þörf á því að aðrir sem eru einkennalausir á heimili sjúklings haldi sig heima.
- Hreinlæti skiptir mestu máli í að draga úr smithættu. Þar ber fyrst að nefna handþvott og að fólk hafi á sér einnota pappírsþurrkur til að hnerra eða hósta í.
- Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra á www.influensa.is.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Viðbrögð við vá

Sjá meðfylgjandi skýrslur:

Viðbrögð við óveðri er að finna hér.

Viðbrögð við jarðskjálftum er að finna hér.

Viðbrögð við eldgosi er að finna hér.

Jafnréttisáætlun Vatnsendaskóla

Jöfn staða og jafn réttur kynja

Markmið jafnréttisáætlunar Vatnsendaskóla er að koma í veg fyrir mismunum á grundvelli kyns og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna. Til grundvallar þarfagreiningar, mælanlegra aðgerðabundinna markmiða og þeirra leiða sem valið er að fara liggja lög nr. 150 frá 2020 ***Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.*** Jafnréttisáætlun Vatnsendaskóla tók gildi árið 2013 og er endurskoðuð á að minnsta kosti þriggja ára fresti. Næsta endurskoðun verður árið 2026.

Launajafnrétti

Markmið: Stjórnendur munu vinna að jöfnum rétti kynja varðandi launakjör. Ganga skal úr skugga um að ekki sé um óútskýrðan launamuna að ræða milli kynja í skólanum.

Aðgerð/verkefni: Stjórnendur geri ekki upp á milli kynja þegar til greina kemur að ákvarða laun, hlunnindi og öll almenn kjör. Stjórnendur gera launakönnun meðal starfsfólks þar sem skoðað er hvort um óútskýrðan launamun sé að ræða milli kynja. Ef slíkur munur kemur fram mun hann verða leiðréttur.

Ábyrgð: Skólastjóri

Tímarammi: Á hverju ári mun skólastjóri gera launakönnun meðal starfsfólks til að ganga úr skugga um að kynjum sé ekki mismunað.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Markmið: Þegar stöður innan skólans eru auglýstar skulu öll kyn hvött til að sækja um laus störf. Við sérstakar aðstæður, t.d. vegna kyns nemanda sem þarf stuðning eða sérstaka aðstoð, getur verið nauðsynlegt að auglýsa og ráða einstakling af ákveðnu kyni til starfa. Öllu starfsfólki skólans óháð kyni skal standa til boða að sækja sér endurmenntun. Öll kyn skulu hafa jafnan aðgang að fjölbreyttri endurmenntun.

Aðgerð/verkefni: Stjórnendur munu gæta fyllsta jafnréttis við ráðningu í laus störf innan skólans. Skólastjóri hvetur starfsfólk sitt til að sækja sér endurmenntunar.

Ábyrgð: Skólastjórnendur í samvinnu við skólamálayfirvöld.

Tímarammi: Við innra mat, ár hvert skal þess gætt að jafnréttis hafi verið gætt við ráðningar í laus störf.

Í starfsmannasamtölum að vori skal starfsfólk innt eftir því hvaða endurmenntun það óski eftir og símenntun rædd.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Markmið: Skólastjórnendur stefna að því að koma til móts við þarfir stafsfólks varðandi fjölskyldulíf og gæta þess sérstaklega að sama gildi um öll kyn. Tekið skal tillit til fjölskylduaðstæðna um leið og starfsfólk skuldbindur sig til að taka einnig tillit til þarfa atvinnulífsins að því marki að aldrei halli á starfsfólkið og fjölskyldur þeirra. Starfsfólki skal gert auðvelt að koma til starfa að loknu fæðingar- og foreldraorlofi eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna. Stjórnandi vinnur náið með starfsfólki að skipuleggja það leyfi sem þarf við þessar aðstæður.

Aðgerð/verkefni: Í starfsmannakönnun að vori skal sérstaklega spyrja að hvort tekið hafi verið tillit til þarfa starfsfólks með tilliti til samræmingar fjölskyldu og atvinnulífs. Komi óánægja starfsfólks í ljós skal skólastjóri í samvinnu við stjórnunarteymi kanna málið frekar og tafarlaust grípa til aðgerða til að sporna við árekstrum milli samræmingar fjölskyldulífs og atvinnuþátttöku starfsfólks við skólann.

Ábyrgð:Skólastjóri í samvinnu við starfsmenn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Tímarammi: Við innra mat, ár hvert skal þess gætt að sérstakt tillit sé tekið til fjölskyldulífs starfsmanna í skólanum.

Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Markmið: Hvorki kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni né kynferðisleg áreitni skal liðin í skólanum og á það við bæði um starfsfólk og nemendur.

Aðgerð/verkefni: Fræðsla skal fara fram fyrir starfsfólk a.m.k. annað hvert ár varðandi kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni og þá jafnan samhliða vinnu að áhættumati og séu til þess nýttir vinnuumhverfisvísar Vinnueftirlitsins. Nemendur í eldri bekkjardeildum fá að minnsta kosti árlega fræðslu um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni.

Ábyrgð: Skólastjóri, trúnaðarmenn, öryggistrúnaðarmaður og kennarar.

Tímarammi: Ár hvert skal inna starfsfólk og nemendur í eldri bekkjardeildum eftir upplifun sinni varðandi kynbundið ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynbundna áreitni í starfsmannakönnun og nemendakönnun sem eru þættir í innra mati skólans. Nemendur fá að minnsta kosti árlega fræðslu um kynbundið ofbeldi, kynbundið áreitni og kynferðislega áreitni. Starfsfólk fær fræðslu eigi sjaldnar en annað hvert ár.

Menntun og skólastarf

Markmið: Hvorki starfsfólki né nemendum skal mismunað eftir kyni í skólanum. Þess skal gætt við alla áætlanagerð og stefnumótun. Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um kynja- og jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa öll kyn undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu-, og atvinnulífi. Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu öll kyn hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Aðgerð/verkefni: Skólastjóri skal fela deildarstjórum að yfirfara kennsluáætlanir og skólanámskrá með það fyrir augum að kanna hvort tillit sé tekið til allra kynja innan skólans. Skólastjóri skal leitast við að öll stefnumótun sem þannig er úr garði gerð að hún miðist við kynjasamþættingu. Kannanir starfsfólks, nemenda og foreldra sem eru þáttur í innra mati skólans skulu inna viðkomandi aðila eftir því hvort jafnrétti kynja sé að jafnaði gætt innan skólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Ábyrgð: Skólastjóri

Tímarammi: Ár hvert við innra mat skal þess gætt að jafnrétti ríki innan skólans hvort heldur sem um starfsfólk og/eða nemendur er að ræða.

Bann við mismunun á grundvelli kyns

Markmið: Innan skólans eru öll kyn jafn rétthá. Öll kyn eiga rétt á allri þeirri þjónustu sem völ er á innan skólans óháð kyni sínu. Starfsfólki ber að virða alla nemendur óháð kyni og taka mið af því varðandi alla umgengni, nám, kennslu og skipulag starfshátta.

Aðgerð/verkefni: Við skipulag, alla áætlanagerð og daglegt samneyti skal þess gætt að einstaklingum sé gert jafn hátt undir höfði óháð kyni.

Ábyrgð: Skólastjórnendur og skólamálayfirvöld.

Tímarammi: Við innra- og ytra mat, ár hvert skal þess sérstaklega gætt að jafnrétti ríki við alla ákvörðunartöku og skipulag sem og samskipti innan skólans.

Allir einstaklingar óháð kyni eiga að hafa jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína.

Eineltisáætlun

Starfsfólk Vatnsendaskóla lýsir því yfir að hvorki einelti né annað ofbeldi verði liðið í skólanum og unnið verði að því að starfsmenn, nemendur og foreldrar geri sér grein fyrir hvað einelti er. Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi og brugðist verður við þeim málum sem upp kunna að koma án tafar og í góðri samvinnu. Frá skólabyrjun verði nemendum markvisst kennd góð samskipti. Nemendur skulu hvattir til að taka afstöðu gegn einelti og ofbeldi í verki með því að bregðast við til hjálpar og láta vita. Gera skal nemendum grein fyrir því að það að skilja útundan og virða aðra ekki viðlits er jafnmikið einelti og að hæðast að eða berja. Þannig verður stuðlað að vellíðan allra í sameiginlegu átaki. Vatnsendaskóli skal vera öruggur og góður vinnustaður, þar sem starfið mótast af virðingu og umhyggju fyrir öllum.

Eineltisáætlun Vatnsendaskóla er að finna á heimasíðu skólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Áfallaáætlun

Eftirfarandi er áfallaáætlun Vatnsendaskóla, í henni má finna upplýsingar um meðlimi áfallráðs og hlutverk þess, einnig eru settar fram skilgreiningar á áföllum ásamt verkferlum til viðmiðunar ef áföll verða. Áfallaáætlun Vatnsendaskóla var síðast endurskoðuð í ágúst 2019.

Í áfallaráði er hópur af starfsfólki skólans sem er ávallt í viðbragðsstöðu ef upp kemur áfall í skólanum. Ráðið vinnur eftir áfallaáætlun Vatnsendaskóla þar sem fjallað er um vinnuferli til að styðjast við þegar áföll verða.

Í áfallaráði skólaárið 2025 - 2026 sitja:

- María Jónsdóttir , skólastjóri
- Ingunn Huld Kristófersdóttir, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri 8.-10. árg.
- Lovísa Hannesdóttir, deildarstjóri 1.-7. árg.
- Aníta Björk Helgadóttir, deildarstjóri stoðþjónustu
- Guðrún Svava Þrastardóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Ásthildur Ólöf Ríkharðsdóttir og Valdís Birta Arnarsdóttir hjúkrunarfræðingar

Áfallaráð sér um að nemendur og starfsfólk fái viðeigandi þjónustu ef þeir verða fyrir áfalli.

Ef áfall verður í Vatnsendaskóla skal áfallaráð koma saman eins fljótt og auðið er og ákveða skipulag næstu klukkustunda og næstu daga. Ef um nemanda er að ræða skal umsjónarkennari látinn vita strax um atburðinn. Áfallaráð skal funda að hausti til að fara yfir stöðu mála hvort breytingar hafi orðið á aðstæðum nemenda, starfsfólks eða aðstandenda.

Hlutverk áfallaráðs er fyrst og fremst að greina niður hvaða aðstæður gætu skapast hverju sinni. Einnig þarf að finna tiltekna einstaklinga til að taka að sér ýmis verkefni sem þeir sjá um eins og:

- hver aflar upplýsingar varðandi atburðinn
- hver hefur samband við aðstandendur
- hver er talsmaður skólans gagnvart utanaðkomandi einstaklingum
- hver sér um að koma upplýsingum til réttra einstaklinga

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

- hver sér um að hafa samband við samstarfsfólk utan skólans s.s. prest, lækni, lögreglu.

Lykilatriði er að í hverju tilviki sé mótuð skýr og afdráttarlaus vinnuáætlun um hver sinni hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig beri að bregðast við. Mikilvægt er að huga vandlega að óskum fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli hverju sinni.

Sjá nánar á heimasíðu skólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Skólaakstur og skólamáltíðir

Skólaakstur

Nemendum er ekið í sund í Versali og Boðaþing.

Sund - Aksturstafla 2025 - 2026

Mánudagur Boðaþing	Þriðjudagur Boðaþing	Miðvikudagur Sund - Salalaug	Fimmtudagur Sund - Salalaug	Föstudagur
Rúta frá skóla 8:15 3. árgangur 8:25-9:05 Rúta frá Boðaþingi 9:20 Fylgd: Atli verður eftir í Boðaþingi Fjöldi: 11	Rúta frá skóla 8:15 4. árgangur 8:25-9:05 Rúta frá Boðaþingi 9:20 Fylgd: Atli verður eftir í Boðaþingi Fjöldi: 12	Rúta frá skóla 8:15 2.árgangur 08:30-09:10 Rúta frá Salalaug 9:25 Fylgd: Linda Fjöldi: 16	Rúta frá skóla 8:15 9. árgangur 8:30-9:10 Rúta frá Salalaug 9:25 Fjöldi: 24	
Rúta frá skóla 08:55 3. árgangur 09:05-09:45 Rúta frá Boðaþingi 10:05 Linda Fjöldi: 11	Rúta frá skóla 08:55 4. árgangur 09:05-09:45 Rúta frá Boðaþingi 10:05 Fylgd: Linda fylgir hóð 2 til baka með hóp 1 Fjöldi: 12	Rúta frá skóla 08:55 2. árgangur 9:10-9:50 Rúta frá Salalaug 10:05 Fylgd: Snjezana Fjöldi:16	Rúta frá skóla 08:55 6. árgangur 09:10-09:50 Rúta frá Salalaug 10:05 Fjöldi: 21	
Rúta frá skóla 09:55 3. árgangur 10:05-10:45 Rúta frá Boðaþingi 11:00 Linda Fjöldi: 11	Rúta frá skóla 09:55 4. árgangur (Sérkennsla) 10:05-10:45 Rúta frá Boðaþingi 11:00 Fylgd: Linda til baka með hóp 2 og Atli til baka með í hóp 3 Fjöldi: 8	Rúta frá skóla 09:55 1. árgangur 10:10-10:50 Rúta frá Salalaug 11:05 Fylgd: Linda Fjöldi: 21	Rúta frá skóla 09:55 6. árgangur 10:10-10:50 Rúta frá Salalaug 11:05 Fjöldi: 21	
Rúta frá skóla 10:40 3. árgangur 10:50-11:30 Rúta frá Boðaþingi 11:45 Fylgd: Linda Fjöldi:11		Rúta frá skóla 10:35 1. árgangur 10:50-11:30 Rúta frá Salalaug 11:45 Fylgd: Atli Fjöldi: 21	Rúta frá skóla 10:35 7. árgangur 10:50-11:30 Rúta frá Salalaug 11:50 Fylgd Eiður Fjöldi: 15/16	
Rúta frá skóla 11:30 3. árgangur 11:40 - 12:20 Rúta frá Boðaþingi 12:35 Fylgd: Linda og Atli tilbaka Fjöldi: 4		Rúta frá skóla 12:05 5. árgangur 12:15 - 12:55 Rúta frá Salalaug 13:10 Fjöldi: 26	Rúta frá skóla 12:05 7. bekkur 12:20-13:00 Rúta frá Salalaug 13:20 Fjöldi: 24	
		Rúta frá skóla 12:45 5. árgangur 12:55 - 13:35 Rúta frá Salalaug 13:50 Fjöldi: 26		
		Rúta frá skóla 13:20 8. árgangur 13:35 - 14:15 Rúta frá Salalaug 14:30 Fjöldi: 20		

Mötuneyti – Skólamáltíðir

Skólamáltíðir eru gjaldfrjálsar í Vatnsendaskóla. Foreldrar og forsjáraðilar þurfa þó áfram að skrá nemendur í mataráskrift, meðal annars til þess að hægt sé að halda utan um nemendur með ofnæmi, óþol og sérfæði sem og til þess að halda utan um fjölda nemenda í hádegismat. Hádegismatur er eldaður í eldhúsi skólans. Matreiðslumeistari skólans sér um að útbúa matseðill sem tekur mið af leiðbeiningum Lýðheilsustöðvar um hollustu og næringu. Nemendur með fæðuóþol eða fæðuofnæmi fá aðlagaðan matseðil og þurfa foreldrar/forráðamenn að skila inn læknisvottorði vegna þessa.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Erasmus+ verkefni

Skólinn tekur þátt í tveimur Erasmus verkefnum skólaárið 2025-2026. Annað verkefnið er samstarf við kennara í Evrópu með áherslu á umhverfismál og græna orku. Verkefnið heitir Messages in a bottle, allir sem koma að verkefninu búa á eyjum.

Hitt verkefnið er unnið með kennurum og nemendum í Evrópu þar sem séreinkenni hvers skóla eru til grundvallar í hverri heimsókn fyrir sig, hver skóli ákveður þema heimsóknar það verkefni kallast Accreditation eða aðildarverkefni. Vatnsendaskóli er í samstarfi við skóla í Hollandi. Nemendur í 10. árgangi heimsóttu Holland í september 2025 og mun Vatnsendaskóli taka á móti nemendum frá Hollandi í janúar 2026. Þá er stefnt að því að nemendur okkar heimsæki Holland haustið 2026.

Við erum ákaflega stolt af þeirri miklu vinnu sem kennarar okkar og nemendur leggja aukalega á sig til þess að taka þá í þessum verkefnum. Vatnsendaskóli hefur í gegnum árin tekið þátt í fjölda Erasmus+ verkefna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Skólaráð samþykkti Starfsáætlun Vatnsendaskóla 2025-2026 án athugasemda á skólaráðsfundi þann 21. október 2024.